# SKRÁ UM

# FRIÐLÝSTAR FORNLEIFAR

**Fyrsta útgáfa 1990**

**FORNLEIFANEFND**

# KAUPSTAÐIR

## 0000 REYKJAVÍK

**Breiðholt.** *Hið gamla bæjarstæði Breiðholts, ásamt kirkjutóft og kirkjugarði, um 15-30 m norður frá húsinu Grjótaseli 21.* Skjal undirritað af ÞM 28.07. 1981. Þinglýst 28.08.1981.

**Gröf.** *Grafarsel, seljarústir frá jörðinni Gröf (Grafarholti), í svonefndun Selbrekkum, um 450 m norðaustur frá austurenda Rauðavatns.* Skjal undirritað af ÞM 30.05.1987. Þinglýst 26.06.1987.

**Laugarnes.** I) *Hinn gamli kirkjugarður sunnanvið bæinn.* Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.01.1931. II) *Hið gamla bæjarstæði Laugarness við Sund, bæjarhóll norðan við gatnamót Kleppsvegar og Laugarnesvegar, fast við Laugarneskirkjugarð, sem friðlýstur er.* Skjal undirritað af ÞM 30.04.1987. Þinglýst 26.06.1987.

**Viðey.** I) Viðeyjarkirkja; tekin á fornleifaskrá með bréfi menntamálaráðuneytisins 23.10.1962. Ekki þinglýst.[1]
II) Viðeyjarstofa; tekin á fornleifaskrá með bréfi menntamálaráðuneytisins 20.08.1969. Ekki þinglýst.[2]

## 1000 KÓPAVOGUR

**Kópavogur.** *1. Þinghússtóft syðst á túninu og fangakofatóftir skamt frá. 2. Dysjar austan túns, nefndar Hjónadysjarnar og Systkinaleiðin.* Sbr. Árb. 1929: 29-33. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 16.11.1938.[3]

[1] Sbr. bréf borgarfógeta 04.10.1990. Friðlýsingin er ógild.

[2] Sbr. bréf borgarfógeta 04.10.1990.

[3] Hjónadysjar voru grafnar upp vegna vegagerðar árið 1988 og eru nú horfnar undir Hafnarfjarðarveg. Um 1970 voru

**Elliðavatn.** *Mannvirkjaleifar á hinum forna Kjalarnessþingstað í Þingnesi, sem gengur út í Elliðavatn að sunnanverðu.* Sbr. Árb. 1903: 31. Skjal undirritað af MÞ 25. október 1930. Þinglýst 16.11.1938.

## 1300 GARÐABÆR

**Afréttarland.** *Gjárétt í vesturenda Búrfellsgjár, svo og hellar og fyrirhleðslur og vatnsból þar.* Skjal undirritað af KE 30.04.1964. Þinglýst 06.05.1964.

**Urriðavatn.** *Seltóftir margar, hellar og önnur mannvirki í og við norðurenda Selgjár.* Skjal undirritað af KE 30.04.1964. Þinglýst 05.05.1964.

## 1400 HAFNARFJÖRÐUR

**Afréttarland.** *Forn rúst, nefnd Helgadalsrúst, í dalkvos, sem er skammt fyrir neðan Helgafell.* Sbr. Árb. 1908: 11. Skjal undirritað af MÞ 25.10. 1930. Þinglýst 15.11.1939.[4]

**Hvaleyri.** *1. Stór steinn og nokkrar klappir norðvestan við túnið, með áletrun á. 2. Leifar gamallar verslunarbúðar austast í túninu, norðaustan við Hjörtskot.* Sbr. Kålund 1877: 28. Skjal undirritað af MÞ 25. október 1930. Þinglýst 15.11.1938.

**Kaldársel.** *1. Bæjarrústir, rétt sunnan við skála KFUM, svo og aðrar rústir í hinu gamla túni. 2. Fjárborg, nú hrunin, þar sem hæst ber á svonefndum Standi, skammt fyrir norðan bæjarrústirnar. 3. Fjárhústóft og gerði, rétt hjá borginni, þeim megin sem frá bæjarrústunum veit. 4. Hleðsla undir gamla vatnsveitustokkinn til Hafnarfjarðar, þvert yfir gjá.* Skjal undirritað af KE 30.04.1964. Þinglýst 05.05.1964.

**Krýsuvík.** I) *a. Leifar Krýsuvíkur hinnar fornu, vestur af Krýsuvíkurbergi, í Húshólma og Kirkjulágum. b. Fornt garðlag í Óbrennishólma, vestur af Húshólma. c. Gestsstaðir, eyðibýli vestur*

---

Systkinaleiði löngu komin undir götu. (Árb. 1988, 240; Þjms. Drög að spjaldskrá um friðlýstar fornleifar).

[4] Rústin er óvéfengjanlega í landi Hafnarfjarðar, sbr. bréf skipulagsstjóra 16.08.1990.

*af núverandi Krýsuvík, við Sveifluháls. d. Túngarðsleifar eyðibýlisins Kaldrana við Kleifarvatn.* Sbr. Árb. 1903: 49-50. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 15.11.1938.
II) *1. Rústir Norðurkots, norður frá kirkjunni. 2. Dysjar tvær eða vörður ("Krýs og Herdís") austan Kerlingardals, um hálftíma gang fyrir vestan Sýslustein.* Skjal undirritað af KE 30.04.1964. Þinglýst 05.05.1964. III) Krýsuvíkurkirkja; tekin á fornleifaskrá með bréfi menntamálaráðuneytisins 29.09.1964. Ekki þinglýst.[5]

**Lambhagi.** *Kapellutóft forn úr grjóti í Kapelluhrauni.* Sbr. Árb. 1903: 34. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 15.11.1938.

**Óttarsstaðir.** *Fjárborg vestur af svonefndum Löngubrekkuhæðum (hlaðin af Kristrúnu Sveinsdóttur á Óttarsstöðum um 1870).* Skjal undirritað af KE 30.04.1964. Þinglýst 05.05.1964.

**Setberg.** *Hinar gömlu bæjarrústir að Setbergi.* Skjal undirritað af ÞM 16.12.1981. Þinglýst 04.01.1982.

## 2200 KEFLAVÍK

**Keflavíkurkaupstaður.** *Hið gamla bæjarstæði jarðarinar Keflavíkur, sem afmarkast af Grófinni að norðan, af Duusgötu og lóð Duusgötu 5 að austan, af Vesturbraut að sunnan og lóðunum Vesturbraut 6 og Grófinni 5 að vestan. Stærð landsins er um 5.196 $m^2$. Friðlýst samkvæmt samþykki bæjarstjórnar Keflavíkur 24. apríl 1984.* Skjal undirritað af ÞM 28.04.1987. Þinglýst 06.05.1987.

## 2300 GRINDAVÍK

**Hóp.** *"Goðahús" svo nefnt á Vesturbæjarhlaðinu, nú fjós.* Sbr. Árb. 1903: 46-47. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 15.11.1938.

**Hraun.** *Lítil rúst í Kapellulág, við veginn upp á Siglubergsháls.* Sbr. Árb. 1903: 46-47. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 15.11.1938.

---

[5] Bréf sýslum. 26.09.1990. Friðlýsingin er ógild.

**Húsatóftir.** *"Útilegumannabæli", svo nefnt, í hraunkvos norðvestur af túninu.* Sbr. Árb. 1903: 45-46. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 15.11.1938.

**Ísólfsskáli.** *Verbúðatóftir, fiskbyrgi, fiskigarðar og önnur gömul mannvirki í hinni fornu verstöð á Selatöngum.* Skjal undirritað af KE 01.09.1966. Þinglýst 05.09.1966.

**Staður.** *Festarstólpi úr járni, festur í klöpp við höfnina.* Sbr. Árb. 1903: 45. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 15.11.1938.

## 2400 NJARÐVÍK

*"Stóri-skjólgarður", grjóthlaðinn krossgarður rétt sunnan Suðurnesjavegar, suð-austur frá Innri-Njarðvík.* Skjal undirritað af ÞM 30.04.1987. Ekki þinglýst.[6]

## 4000 ÍSAFJÖRÐUR

**Ísafjarðarkaupstaður.** *Hið forna bæjarstæði Eyrar við Skutulsfjörð; stór, gróinn bæjarhóll í túni sjúkrahússins.* Skjal undirritað af ÞM 15.05. 1970. Þinglýst 23.05.1970.

## 4100 BOLUNGARVÍK

**Hóll.** *Fornar bæjarrústir í Vatnsnesi, taldar frá bæ Þuríðar sundafyllis.* Skjal undirritað af ÞM 19.05.1971. Þinglýst 05.06.1971.

---

[6] Uppl. sýslum. 11.10.1990. Staðsetning ófullnægjandi. "Garðinn hlóð Helgi Jónsson sterki, er var húsmaður Þorkels lögrm. Jónssonar, föður Jóns Thorkilli. - Skv. frás. Guðm. A. Finnbogasonar." (Þjms. Drög að spjaldskrá um friðlýstar fornleifar).

## 6000 AKUREYRI

**Lögmannshlíð.** *Allar leifar af garð- og tóttarbrotum í hvamminum vestan við hæðarhrygginn "Beinrófu", um 300 m í na frá bænum Lögmannshlíð. Nánari lýsing: Hið friðlýsta svæði er í skeifulaga laut eða hvammi og er um 100 m í þvermál. Þar heitir "Hringir", en mun áður hafa heitið "Dómhringir". Nafnið hefur verið dregið af 13 skeifulaga garðbrotum eða görðum, sem lágu hver inni í öðrum. Þessir "hringir" voru vel sýnilegir fram undir 1935, en þá var sléttað yfir svæðið. (Heimild: Örnefnalýsing Jóh. Óla Sæmundssonar). Nú er lítið sjáanlegt á yfirborði jarðar af þeim mannvirkjum sem greint er frá í örnefnalýsingu. Við nána athugun má þó greina leifar af ystu garðlögunum í hringnum.* Skjal undirritað af ÞM 13.11.1980. Þinglýst 08.12.1980.

## 7000 SEYÐISFJÖRÐUR

**Þórarinsstaðir.** *Forn kirkjugarður um 40 m austan við gamla bæjarstæðið.* Sbr. Árb. 1970: 75-78. Skjal undirritað af ÞM 05.11.1984. Þinglýst 30.11.1984.

## 8000 VESTMANNAEYJAR

**Heymaey.** *a. Hinn gamli umbúnaður við lindina í Herjólfsdal.*
*b. Leifar hins forna bæjar í Herjólfsdal og tveggja gamalla búða þar hjá. c. Leifar tveggja gamalla kofa um 400 skref fyrir sunnan tóftirnar í Herjólfsdal.* Sbr.Árb. 1925-1926: 18-21. *[d. Hinn gamli kirkjugarður á Ofanleiti.]*[7] *e. Skansinn; hin gömlu mannvirki þar. f. Fiskabyrgin gömlu sunnaní Hánni, fyrir austan Herjólfsdal.* Sbr. Árb. 1907: 6-14. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 27.01.1931.

[7] *Garðurinn fór undir flugvöll og var friðlýsing felld niður 13.07.1970. Þinglýsing afmáð 28.07. 1970. (Þjms. Drög að spjaldskrá um friðlýstar fornleifar).*

# SÝSLUR, HREPPAR OG BÆIR

## 1600 KJÓSARSÝSLA

### 1603 BESSASTAÐAHREPPUR

**Bessastaðir.** *Hið gamla virki "Bessastaðaskans".* Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 15.11.1938.

**Hlið.** *Skjónaleiði, hrossgröf, svolítil þúfa skammt frá gamla bæjarstæðinu, og á henni flatur steinn með ártalinu 1807 og þessari vísu: Heygðan Skjóna hér ég tel,/hestinn bezt að liði,/þessi Jörsa þénti vel/þegar hann bjó að Hliði. Átt er við Jörund Ólafsson, bónda á Hliði, d. 1843.* Skjal undirritað af

KE 30.04.1964. Þinglýst 05.05.1964.

## 1604 MOSFELLSBÆR

**Blikastaðir.** *Fornar rústir og grjótgarðar frá verslunarstað eða útræði niðri á sjávarbakkanum yzt í svonefndu Gerði.* Skjal undirritað af ÞM 08.11.1978. Þinglýst 20.11.1978.

**Hrafnhólar.** *Sámsstaðarústir, suðvestanundir Stardalsfjalli, fast uppi við brekkuna*. Sbr. Árb. 1908: 11-12. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 16.11.1938.[8]

**Laxnes.** *Leifar af tveimur fjárborgum, Grænuborg og annarri ónefndri, hvorri sínum megin þjóðvegar skammt ofan við Gljúfrastein.* Skjal undirritað af ÞM 16.09.1976. Þinglýst 04.10.1976.

**Þormóðsdalur.** *Hafravatnsrétt, hin gamla skilarétt við austurenda Hafravatns.* Skjal undirritað 14.07.1988. Þinglýst 20.07.1988.

## 1605 KJALARNESHREPPUR

**Esjuberg.** I) *Kirkjugrunnur forn, skamt austur frá bænum*. Sbr. Árb. 1902: 33-35. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 17.11.1938. II) *Grjótdys, sem kölluð hefur verið Dyngja, við gamla reiðveginn, á mel 2 km austur frá bænum.*[9] Skjal undirritað af KE 28.07.1964. Þinglýst 04.08.1964.

**Hof.** *"Hoftóft", svo nefnd, suðaustur frá bæjarhlaði, hjá tröðinni*. Sbr. Árb. 1902: 35. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 17.11.1938.

## 1606 KJÓSARHREPPUR

---

[8] *Fornleifum þessum er friðlýst á jörðina Stardal, Kjalarneshr., þótt þær séu í landi Hrafnhóla. (Þjms. Könnun um friðlýstar fornleifar. Svar Magnúsar Jónssonar, Stardal).*

[9] *Mokað burt í maí 1980 og er nú með öllu horfin. (Sbr. bréf ÞM 17.05.1981).*

**Eilífsdalur.** *Orustuhóll, sandhóll fyrir sunnan bæinn, vestan við Eilífsdalsá; þar varð orusta svo sem frá segir í Kjalnesingasögu.* Sbr. Kjalnesinga sögu: 26. Skjal undirritað af KE 09.11.1962. Þinglýst 10.11.1962.

**Fossá.** *Fjárrétt, hlaðin úr grjóti, við ána (Fossá) fast hjá þjóðveginum.* Skjal undirritað af ÞM 16.03.1972. Þinglýst 23.03.1972.

**Háls.** *Búðarústir frá fornum verzlunarstað hjá Búðasandi í Hálsnesi.* Skjal undirritað af ÞM 30.09.1975. Þinglýst 02.10.1975.

**Ingunnarstaðir.** *Forn rúst, er nefnist Gulllandsvellir, að sunnanverðu við Brynjudalsá, fyrir innan Þrándarstaði.* Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 17.11.1938.

# 2500 GULLBRINGUSÝSLA

## 2503 MIÐNESHREPPUR

**Stafnes.** *a. Básenda-kaupstaðarleifar, á hraun-nefi milli 2[ja] víka skamt fyrir austan Stafnes.* Sbr. Árb. 1903: 40; Blöndu III: 48-49. *b. "Lögrjetta", svo nefnd, forn hringur í Stafness-túni, fyrir norðan bæinn.* Sbr. Árb. 1903: 39-40. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 15.11.1938.

## 2504 GERÐAHREPPUR

**Útskálar.** *Akurlönd forn, á Garðskaga.*[10] Sbr. Árb. 1903: 35-36. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 15.11.1938.

## 2506 VATNSLEYSUSTRANDARHREPPUR

**Kálfatjörn.** *Fjárborg, sem kölluð er Staðarborg, 2-3 km frá bænum og í stefnu þaðan á Dyngjur.* Skjal undirritað af KE 23.04.1951. Ekki þinglýst.[11]

---

[10] *Minjarnar hafa ekki sést lengi; búið að rækta þarna. (Þjms. Drög að spjaldskrá um friðlýstar fornleifar).*
[11] *Ógild friðlýsing. Sbr. bréf sýslum. 24.07.1990.*

# 3500 BORGARFJARÐARSÝSLA

## 3501 HVALFJARÐARSTRANDARHREPPUR

**Ferstikla.** *Dys á Ferstikluhálsi, rétt við þjóðveginn.* Skjal undirritað af KE 17.07.1965. Þinglýst 21.07.1965.

**Kalastaðir.** *a. Leifar af fornri kirkjutóft, með kirkjugarði, sem mótar fyrir í túninu austur frá bænum. b. Kaladys, svo nefnd, samanborin grjótdyngja, sunnanundir klettási fyrir vestan bæjarlækinn.* Sbr. Árb. 1908: 13-14. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.01.1931.

**Litli-Sandur.** *Gamla brúin yfir Bláskeggsá, í gilinu þar sem þjóðvegurinn lá fyrrum.* Skjal undirritað af ÞM 29.08.1978. Þinglýst 04.09.1978.

**Þyrill.** I) *Leifar forns blóthúss, vestur á túninu.* Sbr. Árb. 1880-1881: 74-76; Árb. 1904: 18. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.01.1931. II) *Gamla brúin yfir Bláskeggsá, í gilinu þar sem þjóðvegurinn lá fyrrum.* Skjal undirritað af ÞM 29.08.1978. Þinglýst 04.09.1978.

## 3502 SKILMANNAHREPPUR

**Arkarlækur.** *Leiðvallar-þingstaður við Leirárvog (Grunnafjörð).* Sbr. Árb. 1908: 15. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.01.1931.

## 3504 LEIRÁR- OG MELASHREPPUR

**Belgsholt.** *a. Kringlótt girðing, nefnd "dómhringur" eða "lögrjetta", í túninu fram undan bænum. b. Fornleg smágirðing er kallast kirkjugarður, fyrir vestan heygarðinn.*[12] Sbr. Árb. 1908: 17. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.01.1931.

---

[12] *"Kirkjugarðurinn" er nú horfinn. (Athugun G.Ó. á staðnum).*

## 3505 ANDAKÍLSHREPPUR

**Bær.** *Rústir hins forna eyðibýlis að Keldum, skamt norðaustur frá bænum.* Sbr. Árb. 1910: 37-39. Skjal undirritað af MÞ 27.05.1933. Þinglýst 02.06.1933.

**Heggstaðir.** *Forn girðing, hringmynduð, nefnd "dómhringur", uppi á túninu norðaustur af bænum. "Leiði Heggs" er sýnt í miðjum hringnum.* Sbr. Árb. 1908: 18-19. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.01.1931.

**Þingnes.** *1. Forn rúst á þýfðum grasbletti sunnan undir Blundhól.* Sbr. Árb. 1904: 14. *2. Þingbúðatóftir 2, báðar suðaustan til í túninu á svokölluðum stöðli, er önnur á dálitlum hól, sem hefir verið sléttað í kringum; snýr í norðaustur; hin er við svonefndan Búðarhól og snýr í suðvestur.*[13] *3. Lítill hóll, er heitir Harðhaus, syðst í túninu og er á honum steinn. Hóllinn er ílangur og snýr nokkurn veginn frá suðri til norðurs.* Skjal undirritað af MÞ 27.05.1933. Þinglýst 02.06.1933.

## 3507 LUNDARREYKJADALSHREPPUR

**Brenna.** *KROSSLAUG (Reykjalaug) ásamt rennustokki og kofarúst fast hjá, á merkjum jarðanna Brennu og Reykja.* Skjal undirritað af ÞM 29.08.1978. Þinglýst 04.09.1978.

**England.** *Klettastöpull, hlaðinn og ferstrendur, kallaður Pétursvirki, vestast á Hrútaborgum á Englandshálsi.* Skjal undirritað af ÞM 31.07.1985. Þinglýst 21.08.1985.

**Gullberastaðir.** *Hoftóft í túninu fyrir austan bæinn.* Sbr. Árb. 1885: 96. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.01.1931.

**Lundur.** *Hoftóft, önnur tóft minni og forn bæjartóft á brúninni fyrir ofan túnið, og forn túngarður um.* Sbr. Árb. 1884-1885: 97-99; Árb. 1909: 40. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.01.1931.

**Reykir.** I) *KROSSLAUG (Reykjalaug) ásamt rennustokki og kofarúst fast hjá, á merkjum jarðanna Brennu og Reykja.* Skjal undirritað 29.08.1978. Þinglýst 04.09.1978. II) *Gíslavarða, er stendur á klapparhóli fyrir ofan brúna Vörðubrekku í norður frá bænum á Reykjum.* Skjal undirritað af ÞM 31.07.1985. Þinglýst 21.08.1985.

## 3508 REYKHOLTSDALSHREPPUR

---

[13] *Búið er að slétta þessar rústir. (Athugun G.Ó. á staðnum).*

**Breiðabólsstaður.** *Rústir Litla-Breiðabólsstaðar, niður með bæjarlæknum.* Sbr. Árb. 1884-1885: 114.[14] Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.01.1931.

**Reykholt.** *Snorralaug, með tilheyrandi vatnsveitustokk og lokræsum.* Sbr. Árb. 1884-1885: 116-17. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.01.1931.

### 3509 HÁLSAHREPPUR

**Afréttarland.** *a. Hamarenda-rústir, skammt fyrir norðan Geitá, undir brattri brekku. b. Kotsrústir, skammt austar.* Sbr. Árb. 1893: 76. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.01.1931.

**Hofsstaðir.** *a. Hofrúst austan til í túninu, undir brekku mót suðri. b. Hofklettur, svo nefndur, stór steinn í brekkunni fyrir neðan hofrústina.* Sbr. Árb. 1893: 79-80. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.01.1931.

**Húsafell.** *a-b. Fornar eyðibýlisrústir á 2 stöðum norðan við Hringsgil, niður undan Reyðarfelli. c. Fornar eyðibýlisrústir í hlíðinni út frá bænum niður undan hinum fyrnefndu. d-e. Árnesrúst við Hvítá, nokkru neðar en þar sem Kaldá rennur í hana, og önnur eyðibýlisrúst við Kaldá, um 1200 m. austar.*[15] *f. Karlastaðarúst, hjá Kaldárbotnum, norðaustur frá Húsafellstúni. g. Hlíðarendarústir, upp með Geitá, hjá Kaldadalsvegi, tvær og skammt á milli.*
*h. "Grettistak", svo nefnt, steinn sem var á hjallabrúninni upp undan "Reyðarfellsrústunum".* Sbr. Árb. 1893: 77-79; Árb. 1909: 41-43; Árb. 1910: 33-36. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.01.1931.

**Kollslækur.** *Rústir hins forna eyðibýlis "Hálsar", norðvestur á hálsinum.* Sbr. Árb. 1900: 27; Árb. 1908: 19. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.01.1931.

## 3600 MÝRASÝSLA

### 3601 HVÍTÁRSÍÐUHREPPUR

---

[14] *Ath. Á skjali stendur aðeins Árb. 181-185.*
[15] *Önnur eyðibýlisrúst við Kaldá er líklega horfin. (Athugun G.Ó. á staðnum).*

**Kalmanstunga.** *a. Rúst Bjarnastaða og dysjaleifar í Tungunni litlu, austan til í henni.* Sbr. Árb. 1909: 45. *b. Leifar af fornu eyðibýli þar sem nú kallast Halldórstóftir, fyrir vestan Norðlingafljót og hraunkvíslina sunnan undir Kleppum.*[16] *c. Grjóthringur eða tóft og önnur mannvirki í Vígshelli, afhelli Surtshellis.* Sbr. Árb. 1890: 74-75; Árb. 1909: 43-47. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.01.1931.

## 3602 ÞVERÁRHLÍÐARHREPPUR

**Arnbjargarlækur.** *a. Brennisstaðarúst, sem er nál. mitt á milli Arnbjargarlækjar og Hamars.* Sbr. Árb. 1904: 11-12. *b. Fornar rústaleifar, (ef til vill Eldgrímsstaða), í hvammi í hálsbrúninni, þar sem bæjarlækurinn fellur ofan.* Sbr. Árb. 1904: 10.[17] Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.01.1931.

**Höll.** *"Hölluleiði", svo kallað, á austurbakka bæjarlækjarins, einstök þúfa.* Sbr. Árb. 1899: 17. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.01.1931.
**Hamar.** *Grafarrúst í Hamarsdal; hún er á austurbakka lækjar, sem eftir dalnum rennur.* Sbr. Árb. 1904: 11. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.01.1931.

**Örnólfsdalur.** *a. Bæjarrúst forn á svonefndum Sjónarhól fyrir austan og ofan túnið.* Sbr. Árb. 1885: 135-136, með mynd. *b. Bæjarrúst önnur á Rústarhól, svo nefndum, fyrir utan túnið. c. Kirkjutóft, svo nefnd, í túninu fyrir austan bæinn.* Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.01.1931.

## 3603 NORÐURÁRDALSHREPPUR

**Brekka.** *Gamla-Brekkurétt, norðan undir Grábrók (Stórubrók), fjárrétt með dilkum og aðhaldi.* Skjal undirritað 05.05.1964. Þinglýst 11.05.1964.

**Dýrastaðir.** *Melkorkustaðarústir, milli Dýrastaða og Hvamms.* Sbr. Árb. 1896: 17. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.01.1931.

## 3604 STAFHOLTSTUNGNAHREPPUR

---

[16] *Halldórstóftir eru nú í afréttarlandi Reykholtsdalshrepps. (Þjms.* Könnun um friðlýstar fornleifar. Svar Ólafs Kristóferssonar, Kalmanstungu).

[17] *Röng tilv. á skjali: Árb. Fornfræðafél.*

**Afréttarland.** *Grímsdalsrúst, við Arnarhólsgil, langt inni í dalnum.* Sbr. Árb. 1904: 8. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.01.1931.

**Ásbjarnarstaðir.** *a. "Hoftóft", svo kölluð, norðaustur í túninu.*
*b. Önnur tóft, forn, suður í túninu, andspænis bænum.*[18] Sbr. Árb. 1897: 16. *c. Oddsstaðarúst, sem er á landamærum Ásbjarnarstaða og Sleggjulækjar, skamt frá Örnólfsdalsá.* Sbr. Árb. 1904: 13. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.01.1931.

**Brúarreykir.** *Ísrauðarstaðarúst, skammt frá túngarði, þar sem hallar landi til suðausturs að Hvítá.* Sbr. Árb. 1904: 12. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.01.1931.

**Kaðalsstaðir.** *a. Leifar af Hellu eða Hellukoti, vestaní hæð, sem fjárhús standa á. b. Forn tóft, austan undir hæðinni við Hvítá.* Sbr. Árb. 1896: 18. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.01.1931.

**Laxfoss.** *Rústir í Kiðhúsamóa, undir litlum ási við suðurhornið á Grábrókarhrauni.* Sbr. Árb. 1908: 32-33; Árb. 1911: 63-64.[19] Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.01.1931.

**Neðra-Nes.** *Leifar hins forna Þverár-þingstaðar á Nessfaxinu.* Sbr. Árb. 1904: 2-3. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.01.1931.

**Sleggjulækur.** *Ísleifsstaðarústir, á grundinni austanmegin Örnólfsdalsár, gegnt Norðtungu.* Sbr. Árb. 1904: 12. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.01.1931.

## 3605 BORGARHREPPUR

**Svignaskarð.** *a. Einbúabrekkna-rústir, suðaustan undir Einbúabrekkum, sem nú kallast Hábrekkur.* Sbr. Árb. 1904: 6-7.
*b. Leifar hins forna virkis á svo nefndum kastala, rjett hjá bænum, garðleifar allar þar og tóftir.* Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.01.1931.

**Tandrasel.** *Allar mannvirkjaleifar á hinum forna Þinghólsþingstað við Gljúfurá, vestan hennar, niður undan Grísartungu.* Sbr. Árb. 1904: 4-5. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.01.1931.

## 3606 BORGARNES

[18] *Báðar þessar rústir (a-b) munu vera horfnar. (Athugun G.Ó. á staðnum).*
[19] *Röng tilv. á skjali: Árb. Fornfræðafél.*

**Borgarnesbær.** *Skallagrímshaugur í Borgarnesi.* Sbr. Árb. 1897: 8; Árb. 1908: 20. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.01.1931.

### 3607 ÁLFTANESHREPPUR

**Álftárós.** *Kirkjugarður forn á svo nefndri Kirkjutungu, niður frá bænum.*[20] Sbr. Árb. 1908: 26. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.01.1931.

**Knarrarnes.** *a. "Skallagrímsnaust", er svo heita, tvær tóftir miklar á sjávarbakkanum.* Sbr. Árb. 1908: 25. *b. Akrar fornir, sem eru uppi á túninu. c. Akrar á Geldingsey. d. "Geldingsleiði", svo nefnt, á Geldingsey.* Sbr. Árb. 1908: 26.[21] Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.01.1931.

**Straumfjörður.** *a. Fornlegur hringur fyrir neðan bæjarhólinn.*
*b. Búðartóftir ýmsar í Búðarey hjá Röstinni. c. Danskhússtóft, svo nefnd í Suðurey, austan á móti, nær Röstinni. d. Rústir hins eldra bæjar, sáðgarða og kirkjugarðs (?) á Norðurhólnum í túninu.*
*e. "Hestasteinn Straumfjarðar-Höllu", sem svo er kallaður, hjá rústum gamla bæjarins. f. Búðartóftir fornar við Knararnessleið.* Sbr. Árb. 1908: 24-25.[22] Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.01.1931.

### 3608 HRAUNHREPPUR

**Afréttarland.** *Hólmsrúst, nokkrar fornar tóftarleifar vestan undir norðvesturhorni Hólmsins.* Sbr. Árb. 1897: 10. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.01. 1931.[23]

**Akrar.** *Bæjarrúst forn á suðurenda hóls þess, er Kastali heitir, norðaustur í túninu.* Sbr. Árb. 1908: 28. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.01.1931.[24]

---

[20] *Fyrir löngu er búið að slétta yfir kirkjugarðinn en kunnugt er um staðsetningu. (Þjms.* Könnun um friðlýstar fornleifar. Svar Hans Þórs Jenssonar, Álftárósi).

[21] *Röng tilv. á skjali: Árb. Fornfræðafél.*

[22] *Röng tilv. á skjali: Árb. Fornfræðafél. Liður f: Búðartóftirnar eru í Knarrarneslandi. (Þjms.* Könnun um friðlýstar fornleifar. Svar Magnúsar Guðbjarnarsonar, Straumfirði).

[23] *Fornleifum þessum er friðlýst á jörðina Hítardal þótt þær séu í afréttarlandi. (Þjms.* Könnun um friðlýstar fornleifar. Svar Guðbrands Brynjólfssonar, oddvita Hraunhrepps).

[24] *Dagsetning þinglýsingar á þessu skjali, sem ber auðkennið MB nr.207-1931, er 22.08.1931. Greinilega er um ritvillu að ræða þar sem MB nr. 208-1931 er móttekið 22.01.1931.*

# 3700 SNÆFELLSNESSÝSLA

## 3703 MIKLAHOLTSHREPPUR

**Stakkhamar.** *Búðatóftir sjö á Búðahamri við Straumfjörð*. Sbr. Árb. 1893: 66; Árb. 1897: 12. Skjal undirritað af MÞ 12.05.1928. Þinglýst 12.06.1929.

## 3705 BREIÐAVÍKURHREPPUR

**Arnarstapi.** *Sölvahamars-rústir*. Sbr. Árb. 1900: 25. Skjal undirritað af MÞ 12.05.1928. Þinglýst 24.06.1929.

**Öxl.** *1. Leifar "Ásmundar-haugs", fornt mannvirki undir Axlarhyrnu. 2. Rúst Axlar fornu.*[25] Sbr. Árb. 1900: 25-26. Skjal undirritað af MÞ 12.05.1928. Þinglýst 24.06.1929.

**Beruvík.** *Leifar bæjar og túngirðingar Beruvíkur fornu*. Sbr. Árb. 1900: 21. Skjal undirritað af MÞ 12.05.1928. Þinglýst 24.06.1929.

**Hólar.** *1. Verbúðatóftir í Dritvík. 2. "Völundarhús" hjá Dritvík, á hraunhæðinni fyrir sunnan víkina*. Sbr. Árb. 1900: 22. Skjal undirritað af MÞ 12.05.1928. Þinglýst 24.06.1929.

**Laugabrekka.** *1. Rúst hins gamla bæjar og hinn gamli kirkjugarður. 2. Þinghústóft hjá Þinghamri. 3. Hreiðarsgerði. 4. Dysjaleifar tvær undir hraunbrún fyrir norðan hæðina, sem Laugarbrekka stóð sunnanundir. 5. Dysjar Axlar-Bjarnar á hæðinni fyrir austan Laugarbrekku*. Sbr. Árb. 1900: 24. Skjal undirritað af MÞ 12.05.1928. Þinglýst 24.06.1929.

**Saxahóll.** *Leifar Saxahóls forna, bæjarins, peningshúsa og girðinga*. Sbr. Árb. 1900: 21. Skjal undirritað af MÞ 12.05.1928. Þinglýst 24.06.1929.

**Malarrif.** *Svalþúfu-rúst. Stendur hjá mýrarbletti á Þúfubjörgum*. Sbr. Árb. 1900: 23. Skjal undirritað af MÞ 12.05.1928. Þinglýst 24.06.1929.

**Skjaldartröð.** *Gvendarbrunnur við Hellnahraun hjá eyðibýlinu Lindarbrekku.* Skjal undirritað af ÞM 11.12.1989. Þinglýst 15.12.1989.

**Öndverðarnes.** I) *1. Brunnur gamall, nefndur Fálki, norðvestur í túninu. 2. "Dómaragarður" svo*

[25] *Ásmundarhaugur er nú í Syðri-Knarrartungulandi, en Öxl forna á merkjum umræddra bæja. (Þjms*. Könnun um friðlýstar fornleifar. Svar Karls Eiríkssonar, Öxl).

*nefndur, fyrir austan brunninn Fálka.* Sbr. Árb. 1900: 20. Skjal undirritað af MÞ 12.05.1928. Þinglýst 24.06.1929. II) *Djúpur, hlaðinn brunnur, nefndur Fálki, í túninu í Öndverðarnesplássi.* Skjal undirritað af ÞM 04.11.1969. Þinglýst 04.12.1969.[26]

**3706 NESHREPPUR**

**Gufuskálar.** I) *1. Gerðubergs-rústir, skamt suður frá bænum, á lágri klettabrún. 2. Hákonar-hóll eða -haugur, þúfnabarð á lágri klettabrún suður frá Gerðubergi. 3. Hraunskarðsrústir upp með Höskuldsá sunnanmegin.*[27] Sbr. Árb. 1900: 19-20. Skjal undirritað af MÞ 12.05.1928. Þinglýst 22.06.1929. II) *1. Hin forna Gufuskálavör, verbúðaleifar og önnur forn mannvirki tilheyrandi verstöðinni. 2. Öll fiskbyrgin (fjöldi óviss) í Bæjarhrauni hjá Gufuskálum.* Skjal undirritað af ÞM 04.11.1969. Þinglýst 04.12.1969.

**Skarð.** *Gotastaða-rúst við Gotalæk inni á Búrfellsdal.* Sbr. Árb. 1900: 17-18. Skjal undirritað af MÞ 12.05.1928. Þinglýst 22.06.1929.

**Sveinsstaðir.** *Foss-rústir á eystri bakka Laxár (Hólmkelsár).*[28] Sbr. Árb. 1900: 17. Skjal undirritað af MÞ 12.05.1928. Þinglýst 22.06.1929.

**Keflavík.** *Keflavíkurvör, niður undan bænum Keflavík og austast í þorpinu á Hellissandi.* Skjal undirritað af ÞM 04.11.1969. Þinglýst 04.12.1969.

**3709 EYRARSVEIT**

**Grund.** *Rústir hins forna Grundarfjarðarkaupstaðar austast á Grundarkampi og grunnur undan "franska húsinu" spölkorn í útsuður frá aðalrústunum.* Skjal undirritað af ÞM 29.10.1985. Þinglýst 07.11.1985.

**Hallbjarnareyri.** *Rústir hins forna bæjar að Öndverðareyri, tóftir, girðingar og önnur gömul mannvirki á bæjarstæðinu og í námunda við það.* Sbr. Árb. 1927: 33. Skjal undirritað af MÞ 12.05.1928. Þinglýst 20.06.1929.

**Krossnes.** *Tóftir hins forna bæjar, sem var vestar en nú er bærinn, vestan mýrarsunds, sem er milli hins forna túns og þess sem nú er.* Sbr. Árb. 1927: 33-34. Skjal undirritað af MÞ 12.05.1928. Þinglýst 20.06.1929.

---

[26] *Báðar þinglýsingarnar varðandi brunninn Fálka eru í fullu gildi, sbr. bréf sýslum. 03.07.1990.*
[27] *Hraunskarðsrústir eru í landi jarðarinnar Hraunskarð. (Uppl. sveitarstj. 08.10.1990).*
[28] *Rústirnar eru eyddar af broti Laxár. (Athugun G.Ó. á staðnum).*

## 3710 HELGAFELLSSVEIT

**Afréttarland.** *Grímshellir í austanverðu Kerlingarfjalli.* Sbr. Árb. 1925-1926: 46-47. Skjal undirritað af MÞ 12.05.1928. Þinglýst 11.06.1929.

**Berserkjahraun.** *1. "Kirkjutóft Styrs", svo nefnd, uppi á brekkunni fyrir neðan bæinn.*[29] *2. Skálatóft (?) mikil á túnjaðrinum við lækinn. 3. Gerði í krika, sem gengur inn í hraunið fyrir vestan lækinn gegnt túninu. 4. Krossrjett, forn fjárrétt neðar í hraunjaðrinum. 5. Berserkjagarður, á landamerkjum í hrauninu milli Berserkjahrauns og Bjarnarhafnar.* Sbr. Árb. 1893: 21-22; Árb. 1900: 12. Skjal undirritað af MÞ 12.05.1928. Þinglýst 11.06.1929.

**Bjarnarhöfn.** *1. Bjarnarnaust, beint niður frá bænum.*
*2. "Hamarnaust", ruddur bás við sjóinn dálítið vestar.*
*3. Búðatanga-rústir (leifar af verslunarbúðum). 4. Hamarnaust, fornt naust undir hamri á landi uppi, suðaustur frá Búðatanga.* Sbr. Árb. 1900: 24. Skjal undirritað af MÞ 12.05.1928. Þinglýst 11.06.1929.

**Drápuhlíð.** *Fornar tóftir, þar sem er eyðibýlið Hólkot á mýrunum norður frá bænum.* Sbr. Árb. 1925-1926: 47. Skjal undirritað af MÞ 12.05.1928. Þinglýst 11.06.1929.

**Gríshóll.** *Forn fjárrétt í Hraundal; er hún í hraunhvammi neðarlega í dalnum.* Sbr. Árb. 1927: 32. Skjal undirritað af MÞ 12.05.1928. Þinglýst 11.06.1929.

**Helgafell.** I) *"Leiði Guðrúnar Ósvífursdóttur", svo nefnt.* Sbr. Árb. 1898: 37-38. Skjal undirritað af MÞ 12.05.1928. Þinglýst 11.06.1929. II) *Tóft lítil, hlaðin úr grjóti, uppi á Helgafelli, nefnd "Kapellan", 4 m. á hvern veg að utanmáli.* Skjal undirritað af MÞ 31.12.1935. Þinglýst 20.06.1936.

**Hofsstaðir.** *Hofgarður, svo nefndur, brot af fornri girðingu á háum fjörubakka.* Sbr. Árb. 1882: 96. Skjal undirritað af MÞ 12.05. 1928. Þinglýst 11.06.1929.

**Hrísar.** *1. Leifar af haugi Þórólfs bægifótar framan til í Þórsárdal miðjum, austan árinnar, um 50 m. frá henni.*[30] Sbr. Árb. 1893: 19-20. *2. Fornar rústir, þar sem nefnt er "á Tóftum" í Hrísanesi. 3. Rústir eftir fornt býli, er nefnist Mosvellir, útvið Svelgsá, við hraunið. 4. Rústir eftir fornt býli neðar með Svelgsá, við Tröllkonufoss.* Sbr. Árb. 1925-1926: 43-45. Skjal undirritað af MÞ 12.05.1928. Þinglýst 11.06.1929.

---

[29] *Tóftin er að öllum líkindum horfin. (Þjms.* Könnun um friðlýstar fornleifar. Svar Björns Jónssonar, Innri-Kóngsbakka).
[30] *Í landi Hrísakots. (Þjms.* Könnun um friðlýstar fornleifar. Svar Reynis Guðlaugssonar, Hrísum).

**Kársstaðir.** *1.-2. Grjótrústir tvær fornar, önnur kringlótt, hin sporöskjumynduð, í hlíðarhalla norður frá bænum. 3. Girðing fornleg í norðvestur frá bænum, neðst í hlíðinni.* Sbr. Árb. 1927: 31. Skjal undirritað af MÞ 12.05.1928. Þinglýst 11.06.1929.

**Saurar.** *1. Rústir tvær fornar, þar sem verið hafa Þorleifsstaðir, fyrir ofan Saura, við innri enda Skjaldarvatns, norðan undir klettaás. 2. Gruflunaust, svo kallað, við lítinn vog, er gengur vestan í Sauranes. 3. Smátóftir sex á grashól hjá vog einum innarlega í Sauranesi.* Sbr. Árb. 1925-1926: 43; Árb. 1927: 32. Skjal undirritað af MÞ 12.05.1928. Þinglýst 11.06.1929.

**Staðarbakki.** *1. Leifar eyðibýlisins Gautsstaða, neðst í Stórholtum, vestanvert við lítinn læk, er fellur ofan Gautsstaðagróf.*
*2. Eyðibýlið Vindás, á svo kölluðum Skeiðum.* Sbr. Árb. 1925-1926: 46. Skjal undirritað af MÞ 12.05.1928. Þinglýst 11.06.1929.

**Svelgsá.** I) *1. Forn tóft og garður fyrir austan bæinn og utantil við túnið og litlu sunnar 2 smátóftir. 2. Fjórar tóftir utanvert og þjett við hinn forna garð, en beint norður frá bænum. 3. Fornt hringmyndað mannvirki, hlaðið mestmegnis úr grjóti á móabörðum norður frá bænum. 4. Fornar bæjarrústir suðvestanundir Svelgsárborg, svo nefndri. 5. Fornar bæjarleifar, þar sem nefnist Brennistaðir austan undir Drápuhlíðarfjalli.* Sbr. Árb. 1920: 15-16; Árb. 1925-1926: 31-32. Skjal undirritað af MÞ 12.05.1928. Þinglýst 11.06.1929. II) *Hringmynduð grjótrúst, um 12 m. að þverm., uppi á Svelgsárborg, (Stekkjarborg öðru nafni).* Skjal undirritað af MÞ 31.12.1935. Þinglýst 20.06.1936.

**Úlfarsfell.** *1. Bólstaður við Vaðilshöfða, rústir tvær. 2. Leifar Arnkelshaugs. 3. Leifar Þórólfshaugs og þvergarður á Bægifótshöfða.* Sbr. Árb. 1893: 18-19; Árb. 1900: 10; Árb. 1925-1926: 44. Skjal undirritað af MÞ 12.05.1928. Þinglýst 11.06.1929.

**Þingvellir.** *Fornar þingbúðatóftir og öll önnur mannvirki á hinum forna Þórsness-þingstað.* Sbr. Árb. 1882: 103; Árb. 1900: 11. Skjal undirritað af MÞ 12.05.1928. Þinglýst 11.06.1929.

**Örlygsstaðir.** *Leifar fornbæjarins Hellu, rjett fyrir austan Örlygsstaðaá, þar sem er yngri stekkjartóft.* Sbr. Árb. 1925-1926: 44. Skjal undirritað af MÞ 12.05.1928. Þinglýst 11.06.1929.

## 3711 STYKKISHÓLMUR.

**Stykkishólmsbær.** *Búðartóft gömul í Búðarnesi.* Sbr. Árb. 1925-26: 47-48. Skjal undirritað af MÞ 12.05.1928. Þinglýst 08.06.1929.

## 3712 SKÓGARSTRANDARHREPPUR

**Narfeyri.** *Borgardalsrúst, í dalverpi, er Borgardalur heitir, suður í hlíðinni frá Narfeyri, austanmeginn við Álptafjörðinn.* Sbr. Árb. 1900: 9. Skjal undirritað af MÞ 12.05.1928. Þinglýst 14.06.1929.

**Stóri-Langidalur.** *Leifar hoftóftar (?) fyrir ofan túnið. Hvanngarður, svo nefndur, gömul girðing suður í túninu.*[31] Sbr. Árb. 1897: 15. Skjal undirritað af MÞ 12.05.1928. Þinglýst 14.06.1929.

**Valshamar.** *Hafþórs-leiði, svo nefnt, í túninu, skamt fyrir ofan bæinn.* Sbr. Árb. 1920: 17. Skjal undirritað af MÞ 12.05.1928. Þinglýst 14.06.1929.

# 3800 DALASÝSLA

## 3801 HÖRÐUDALSHREPPUR

**Dunkur.** *Smiðjutóft og steðjasteinn í túninu fyrir sunnan bæinn.* Sbr. Árb. 1897: 15; Árb. 1920: 17. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 19.06.1931.[32]

**Hrafnabjörg.** *Rústir Lauga í Laugardal; þær eru í grösugum hvammi vestan megin ár þeirrar, sem eftir dalnum rennur.* Sbr. Árb. 1904: 17. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 19.06.1931.

## 3802 MIÐDALAHREPPUR

**Afréttarland.** *Grettisbæli í Sökkólfsdal; það er í innsta hluta dalsins, austan megin, á flötu, grasivöxnu þrepi uppi undir efstu brún fjallsins.* Sbr. Árb. 1894: 31. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 19.06.1931.

**Hundadalur.** *Svo nefnd "Grænatóft" í Hundadalsnesi.* Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 19.06.1931.

**Oddsstaðir.** *Byggingarleifar og önnur mannvirki, þar sem heitir Þúfa fyrir norðan tún á*

[31] *Fornleifar þessar hafa verið jafnaðar við jörðu. (Þjms.* Könnun um friðlýstar fornleifar. Svar ábúenda Stóra-Langadal).

[32] *Fornleifum þessum er friðlýst á Dunkaðarstaði þrátt fyrir það að jörðin kallaðist Dunkur er friðlýsing var gerð, og heitir svo enn. (Sbr. tilv. í Árb.).*

*Oddsstöðum*. Sbr. DI III: 306; DI IV: 163. Skjal undirritað af KE 21.09.1950. Ekki þinglýst.[33]

## 3803 HAUKADALSHREPPUR

**Jörfi.** *Rústaleifar Valþjófsstaða, að nokkru leyti undir skriðu*. Sbr. Árb. 1895: 20. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 20.06.1931.

**Saursstaðir.** *Ferhyrnd girðing á móafles austanmegin árspænunnar fyrir austan Saursstaði*. Sbr. Árb. 1895: 20. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 20.06.1931.

**Stóra-Vatnshorn.** *Rústaleifar Eiríksstaða við landamæri milli Vatnshorns og Skriðukots*. Sbr. Árb. 1895: 20; Bruun 1928: 136-138. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 20.06.1931.

## 3804 LAXÁRDALSHREPPUR

**Fjós.** *"Fjósatóftir Ólafs pá", sem svo eru kallaðar, fyrir austan bæinn; þær eru tvær, sín hvoru megin við götuna*. Sbr. Kålund 1877: 472. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.06.1931.

**Höskuldsstaðir.** *Þorgerðarhóll, eða "haugur Þorgerðar", svo nefndur, í túninu, nokkru fyrir utan og neðan bæinn*. Sbr. Árb. 1882: 88. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.06.1931.

**Kambsnes.** *Forn tóft, kölluð Hoftóft, hjer um bil ferhyrnd*. Sbr. Kålund 1877: 466. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.06.1931.

**Lambastaðir.** *Haugur Þórðar godda í Lambastaðanesi*. Sbr. Árb. 1882: 81. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.06.1931.

**Ljárskógar.** *a. Hoftóft, svo nefnd, frammi á túninu*. Sbr. Árb. 1881: 79. *b. Kirkjutóft, forn, og kirkjugarður, á sljettri flöt fyrir austan bæinn*. Sbr. Árb. 1882: 78. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.06.1931.

**Rútsstaðir.** *a. Túngirðing forn. b. Upp-við túngarðinn tvær langar tóftir, fornar, er snúa langsum með garðinum. c. Hoftóft fyrir ofan bæinn, einstök, snýr nærfelt austur og vestur*. Sbr. Árb. 1882: 4. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.06.1931.

## 3805 HVAMMSHREPPUR

[33] *Ógild friðlýsing. Sbr. bréf sýslum. 20.08.1990.*

**Ásgarður.** *Forn girðing í túninu, nefnd "Lögrjetta".*[34] Sbr. Árb. 1882: 75. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 24.06.1931.

**Hofakur.** *Forn girðing í brekkunni fyrir norðan bæinn.* Sbr. Árb. 1882: 75. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 24.06.1931.[35]

**Hvammur.** *a. Forn, aflangur hringur suðvestur á túninu, nefndur "Lögrjetta".*[36] *b. Virkisbali, svo nefndur, nál. ferhyrnt mannvirki í túninu fyrir ofan og vestan bæinn.* Sbr. Árb. 1882: 75.
*c. Rústabunga forn, suður og niður undir túngarði. d. Auðarnaust, er svo heitir, leifar af tóft á sjávarbakkanum austanmegin við útfall Hvammsár. e. Auðartóftir, svo nefndar, hjer um bil 13 faðma upp og vestur frá naustinu.* Sbr. Árb. 1893: 63. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 24.06.1931.

**Magnússkógar.** *"Silfraskógar", tóftir og girðingar, þar sem sagt er að bærinn hafi staðið til forna.* Sbr. Kålund 1877: 475. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 24.06.1931.

**Skerðingsstaðir.** *a. Auðarnaust, er svo heitir, leifar af tóft á sjávarbakkanum, austanmegin við útfall Hvammsár. b. Auðartóftir, svo-nefndar, hjer um bil 13 faðma upp og vestur frá naustinu.* Sbr. Árb. 1893: 63. Skjal hvorki undirritað né þinglýst.[37]

**Sælingsdalur.** *Bollatóftir, svo kallaðar, á Langholti; þær eru á vesturbrún holtsins og er brött brekka fyrir neðan, og undir henni lækjardrag, sem rennur í Sælingsdalsá litlu neðar.* Sbr. Árb. 1899: 16. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 24.06.1931.

**Sælingsdalstunga.** *Forn kirkju- og kirkjugarðsrúst fyrir austan hlaðið á neðri bænum.* Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 24.06.1931.

## 3806 FELLSSTRANDARHREPPUR

**Dagverðarnes.** *Stór grjóthringur, með grjótbungu í miðju, á vinstri hönd við veginn niður að Dagverðarnesi, upp af Saltnesi og beint fyrir neðan Þrívörður.* Sbr. Árb. 1924: 42. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 25.06.1931.

**Ormsstaðir.** *1. Gamlar akurgirðingar í Ekrunum fyrir suðvestan bæinn. 2. Fornlegar tóftir, 2-3 í*

---

[34] *"Lögrétta" mun vera löngu horfin. (Þjms.* Könnun um friðlýstar fornleifar. Svar Ágeirs Bjarnasonar, Ásgarði).

[35] *Friðlýst á Akur en jörðin heitir nú Hofakur.*

[36] *Sléttaður út fyrir allnokkrum árum. (Þjms.* Drög að spjaldskrá um friðlýstar fornleifar).

[37] *Ógild friðlýsing, sbr. bréf sýslum. 20.06.1990. Neðst á skjalinu stendur eftirfarandi: "Upprunaleg friðlýsingarskjöl eru glötuð, og sést ekki, hvenær friðlýsingin hefur verið gerð." Friðlýsingartexti er samhljóða lið d og e á skjali yfir jörðina Hvamm.*

*nánd við akurgirðingarnar*. Sbr. Árb. 1924: 42-43. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 25.06.1931.

**Staðarfell.** *a. Leifar eyðibýlisins Ljótsstaða í Fellsskógum; þær eru austur undir landamerkjum, undir lágri brekku*. Sbr. Árb. 1896: 19-21. *b. Borgargerði, svo nefnt, (eða Borgugerði), allstór og forn girðing við veginn fyrir austan Staðarfell. Þar með er dálítil rúst í girðingunni*. Sbr. Árb. 1896: 21. *c. Staðarbakkarústir hinar fornu í Flekkudal, á norðurbakka Flekkudalsár inni á miðjum dal*. Sbr. Árb. 1896: 21. *d. Lítil rústabunga er heitir Dyngja, sunnan til í Flekkudal, þar sem heitir á Hólmi*. Sbr. Árb. 1896: 21. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 24.06.1931.

### 3809 SAURBÆJARHREPPUR

**Bessatunga.** *a. Hoftóft á ávölum, fallegum hól neðst í túninu austantil*. Sbr. Árb. 1897: 15. *b. "Blótsteinn", er stendur neðanundir fyrgreindum hól. c. Akurgirðing forn framan í næsta hól, neðst í túninu, vestan til*. Sbr. Árb. 1882: 67; Árb. 1897: 15-16; Árb. 1924: 43. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 27.06.1931.

**Bjarnarstaðir.** *a. "Hoftóft", svo nefnd, norðvestur á túninu*. Sbr. Árb. 1899: 16. *b. Tófta þyrping fornleg, fáum föðmum austar en "hoftóftin"*. Sbr. Árb. 1899: 16. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 27.06.1931.

## 4500 AUSTUR-BARÐARSTRANDARSÝSLA

### 4502 REYKHÓLAHREPPUR

**Berufjörður.** *Dysjaleifar fornar við Berufjarðarbotn*. Sbr. Árb. 1899: 6; Bruun 1928: 55-57, með uppdrætti. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 14.02.1931.

**Bær.** *Rúst eyðibýlisins Vellir, uppi í Bæjardal, á austurbakka lækjar, er rennur ofan þeim megin í dalnum*. Sbr. Árb. 1899: 10. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 14.02.1931.

**Flatey.** I) *a. Hin forna Klausturtóft, sem er efst og austast í Flateyjartúni.*[38] *b. Ólafarakur, er svo heitir, stór girðing, austast á eynni; kenndur við Ólöfu ríku*. Sbr. Kålund 1877: 540. Skjal undirritað

[38] *Fyrir löngu er búið að slétta "Klausturtóftina" og aðeins s.k. Klaustursteinn eftir sem minnir á staðsetningu hennar. (Ágúst Georgsson 1990: 7-8).*

af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 14.02.1931.
II) *Silfurgarður, hlaðinn hafnargarður við gömlu höfnina.* Skjal undirritað af ÞM 11.04.1975. Þinglýst 16.05.1975.

**Gröf.** *1. Rústir fornbæjarins Grímkelsstaða fast innan við Grímkelsstaðaá niðri undir sjó. Túnstæðið er milli Akranesmels og Grímkelsstaðaár og eru bæjarrústirnar innan túngarðsins. 2. Fornt akurgerði í Akraneshvammi milli Akraness og Grímkelsstaðaár.* Sbr. Breiðfirðing 1973-1974: 86-91; Kålund 1985: 143. Skjal undirritað af ÞM 02.05.1989. Þinglýst 05.12.1989.

**Hergilsey.** *a. Hin forna Ingjaldsbæjarrúst; hún er að nokkru leyti að baki núverandi bæ. b. Ingjaldsbyrgi, er svo heitir; það er við hæð eina fyrir sunnan bæinn.* Sbr. Árb. 1893: 2-3. *c. "Fíflsgerði", svo nefnt, skamt frá Vaðsteinabergi.* Sbr. Kålund 1877: 542. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 14.02.1931.

**Hlíð.** *a. Dysjar sex úti undir Stórahrauni, framan í barði á melbrún, rjett ofan við fjöruna. b. Haugur forn á Stekkjarnesi, bæjarmegin við mýrardrag, sem liggur eftir nesinu; - grasi gróinn hóll.* Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 14.02.1931.

**Hofsstaðir.** *a. "Hoftóft", svo nefnd, í túninu, á flöt vestur frá bænum. b. "Veizlusalstóft", er svo nefnist, skammt frá "hoftóftinni". c. "Hallshaugur", svo kallaður, lítill hóll, flatur að ofan, norðan við hinn forna túngarð.*[39] *d. Bænhústóft, í norðaustur frá hoftóftinni og kringlóttur garður um. e. Rauðsdalsrúst; er hún í litlum dal, (Rauðsdal), milli Hofstaða og Berufjarðar.* Sbr. Kålund 1877: 520-521; Árb. 1899: 17; Árb. 1924: 44. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 14.02.1931.

**Hríshóll.** *Naðdalsrústir, fornar seljarústir og bæjarústir.* Sbr. Árb. 1899: 8. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 14.02.1931.

**Hyrningsstaðir.** *Leifar fornra dysja við botninn á Berufirði.* Sbr. Árb. 1898: 6. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 14.02.1931.

**Kollabúðir.** *Öll mannvirki á hinum forna Þorskafjarðarþingstað, sem er upp frá fjarðarbotninum sunnanmegin.* Sbr. Árb. 1899, fylgirit: 28-30. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 14.02.1931.

**Múli.** *Kirkjugarður gamall og kirkjutóft á honum.* Skjal undirritað af MÞ 31.12.1935. Þinglýst 18.07.1936.

**Reykhólar.** *a. Grettislaug, svo nefnd, sunnan á túnhólnum.* Sbr. Árb. 1899: 12. *b. Rústir Titlingsstaða, eyðibýlis skammt suðvestur frá Reykhólum.* Sbr. Árb. 1899: 34; Bruun 1928: 137-138 (með uppdrætti). Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 14.02.1931.

---

[39] *Búið er að slétta yfir minjar undir lið b-c svo að ekkert sést eftir. (Athugun G.Ó. á staðnum).*

**Skógar.** *Rústir Askmannsstaða í Seljadal, suðvestur frá Skógum*. Sbr. Árb. 1899: 8. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 14.02.1931.

**Staður.** Gamla kirkjan á Stað; tekin á fornleifaskrá með bréfi menntamálaráðuneytisins 19.05.1964. Ekki þinglýst.[40]

**Svefneyjar.** *a. Forn girðing, er liggur í útsuður frá hóli í túninu, er þinghóll heitir*. Sbr. Árb. 1893: 1. *b. Akrar, svo nefndir, allstórt svæði suður frá túninu, við veginn*. Sbr. Árb. 1893: 1.
*c. Saltgrafir, heita, norðvestur frá bænum, við sjóinn*. Sbr. Árb. 1893: 2. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 14.02.1931.

# 4600 VESTUR-BARÐARSTRANDARSÝSLA

## 4601 BARÐASTRANDARHREPPUR

**Brjánslækur.** I) *Flókatóftir, svo nefndar; þær eru 6 sunnan á sljettri grund við vík eina fyrir innan Brjánslækjará*. Sbr. Árb. 1893: 9-11. Skal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 14.02.1931. II) *Smiðja Gests Oddleifssonar, er svo heitir, skammt upp frá Vatnsfjarðarbotni, norðanmegin við Þingmannaá, þar sem í henni er kallað Smiðjufljót*. Sbr. Árb. 1893: 5-6. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 14.02.1931.[41]

**Hagi.** *a. Gestsfjós, er svo heita, 2 tóftir í mýrinni niður undan bænum*. Sbr. Árb. 1893: 9. *b. Refstóft og Refssmiðja, tvær tóftir er svo heita, á Refshólma í Hagavaðli*. Sbr. Kålund 1877: 551.
*c. Gellishóll, skamt fyrir sunnan túnið, og hjá honum 3 smærri hólar.*[42] Sbr. Árb. 1924: 45. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 14.02.1931.

**Haukaberg.** *a. Dys við veginn vestur að Haukabergsá. b. Dysjar að austanverðu við Haukabergsá, (Austmanna er fjellu í Orustulágum, að sögn)*. Sbr. Árb. 1924: 45. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 14.02.1931.

**Hreggstaðir.** *Rústir eyðibýlisins Skyrleysu, utan við Hreggstaðaá, bæjarrústir og rústir útihúsa auk tvöfalds túngarðs, sem liggur í sveig um svæðið, tveggja gerða nærri sjónum og rústa sjóarhúsa á*

---

[40] *Bréf sýslum. 04.10.1990. Friðlýsingin er ógild.*

[41] *Fornleifum þessum er friðlýst á jörðina Hellu þótt þær séu í Brjánslækjarlandi. (Þjms*. Könnun um friðlýstar fornleifar. Svar Bjarna Hákonarsonar, Haga).

[42] *Gellishóll er nú í landi Breiðalækjar, nýbýlis frá Haga. (Þjms*. Könnun um friðlýstar fornleifar. Svar Bjarna Hákonarsonar, Haga).

*sjávarbakkanum.* Skjal undirritað af ÞM 17.12.1980. Þinglýst 31.12.1980.

**Hvammur.** *Forn, kringlótt tóft, nefnd "Hoftóft"; er hún 2-300 faðma inn frá gamla bænum.* Sbr. Árb. 1893: 7. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 14.02.1931.

**Vaðall.** *Fornt garðlag, er liggur þráðbeint frá bænum út eftir vellinum að hól þeim, er Þinghóll heitir.* Sbr. Árb. 1893: 8. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 14.02.1931.

## 4602 RAUÐASANDSHREPPUR

**Breiðavík.** *Naust og verbúðir í Breiðuvíkurveri, syðst í Breiðuvík.* Skjal undirritað af ÞM 12.11.1971. Þinglýst 19.11.1971.

**Hvallátur.** I) *1. Hóllinn Kárni. 2. Dysjar í Kúlureit, við yztu búðina á Brunnum.* Sbr. Árb. 1924: 45. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 14.02.1931.
II) *1. Leifar verbúða og fiskgarða, svo og önnur forn mannvirki í hinni gömlu Brunnaverstöð. 2. Verbúðir og fiskgarðar á Látranesi norðan bæjanna.* Skjal undirritað af ÞM 12.11.1971. Þinglýst 19.11.1971.

**Sauðlauksdalur.** *1. Sandvarnargarðurinn "Ranglátur" fyrir neðan túnið. 2. Akurgerði sr. Björns Halldórssonar. 3. Vörslugarður frá tíð sr. Björns fyrir framan túnið.* Skjal undirritað af ÞM 05.11.1973. Þinglýst 11.01.1974.

## 4604 TÁLKNAFJARÐARHREPPUR

**Bakki.** *Forn, ferhyrnd grjótgirðing, á Hringsholti, nál. mitt á milli Bakka og Sellátra. Þar með er löng og mjó tóft í norðausturhorni girðingarinnar, með þvervegg í, skammt frá austurendanum, og stór steinn á norðanverðri girðingunni.* Sbr. Árb. 1888-1892: 141-142. Skjal undirritað af ÞM 25.10.1930. Þinglýst 14.02.1931.

## 4606 BÍLDUDALSHREPPUR

**Botn.** *a. Auðarbær eða Gíslabær, svo nefndur, sem er rúst undir lágri brekku er liggur frá Botnsá til norðurs, skammt fyrir ofan túnið á Botni. b. Fylgsni Gísla Súrssonar hið nyrðra; það er í lægð framan í þúfnabarði nokkru í nokkrum halla, uppi undir hlíðinni fyrir norðan Botnsá, nokkru ofar en beint upp undan Auðarbæ.*

*c. Fylgsni Gísla Súrssonar hið syðra; það er í litlum grashvammi við ána, fyrir neðan Kleifarnar.* Sbr. Árb. 1883: 43-51 (með uppdrætti). Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 14.02.1931.

**Hóll.** *Hoftóft á svo-nefndu Hofsholti eða Hofhússholti, nokkuð fyrir framan túnið.* Skjal undirritað af MÞ 31.12.1935. Þinglýst 18.07.1936.

**Hringsdalur.** *a. Hringshaugur, svo nefndur; hann er næstum niður við sjó, fyrir neðan Barðagrund hina neðri. b. Austmannahaugur, er svo heitir; hann er svo sem 3 föðmum neðar á sjávarbakkanum.* Sbr. Árb. 1885: 22. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 14.02.1931.

**Kirkjuból.** *Hoftóft á svo-nefndu Hofholti eða Hofhússholti, fyrir neðan túnið.* Skjal undirritað af MÞ 31.12.1935. Þinglýst 18.07.1936.

**Selárdalur.** *Steinn með 3 bollum í heima við bæinn, við gangstíg milli bæjar og sáluhliðs.* Sbr. Árb. 1924: 46-47. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 14.02.1931.

## 4700 VESTUR-ÍSAFJARÐARSÝSLA

### 4702 ÞINGEYRARHREPPUR

**Haukadalur.** *1. Sæbóls-rústir, austantil í túninu. 2. Anmarkastaða-rúst, að vestanverðu í dalnum uppi undir hlíðinni. 3. Seltóftir við Lambadalsá þar sem Orrastaðir munu hafa verið. 4. Gömul tóft ofan við Skammfótarengi (-mýri) í móunum við Lambadalsá. 5. Nefsstaða-rúst, að austanverðu við Haukadalsá, nokkru ofar en Gíslahóll.* Sbr. Árb. 1883: 17, 28-32. Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 27.06.1929.

**Hof.** *"Goðatóft", svo nefnd, sunnantil á litlum hól, niður undan bænum.* Sjá Árb. 1883: 37. Skjal undirritað 15.04.1929. Þinglýst 27.06.1929.

**Hrafnseyri.** I) *1. "Kirkjutóft Rafns", svo nefnd, dálítið sunnar í túninu en nú er kirkjan. 2. "Hoftóft Rafns", svo nefnd, við lendinguna, útsuður frá bænum. 3. "Lögrjetta", svo nefnd, ferhyrnd, aflöng girðing, útsuður á túninu.*[43] Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 27.06.1929. II) *Grelutóttir og aðrar fornar rústir á eyrinni niður frá bænum.* Skjal undirritað af ÞM 10.09.1973. Þinglýst 23.09.1973.

---

[43] *"Lögrétta" var sléttuð út, fór undir tún, líkl. upp úr 1950. (Þjms*. Drög að spjaldskrá um friðlýstar fornleifar; Könnun um friðlýstar fornleifar. Svar Hallgríms Sveinssonar, Hrafnseyri).

**Sandar.** *Þingeyrar-þingstaður, búðatóftir fornar og aðrar rústir og fornleifar þar.* Sbr. Árb. 1883: 34-36. Skjal undirritað af MÞ 27.06.1929. Þinglýst 11.07.1929.[44]

## 4703 MÝRARHREPPUR

**Alviðra.** *Þrælsgerði, svo nefnt, ferhyrnt og aflangt, skamt frá húsinu.* Skjal undirritað af MÞ 16.04.1929. Þinglýst 27.06.1929.

**Hraun.** *Hringur forn upp frá Gálgafossi, nefndur "lögrjetta" (eða dómhringur), og "lögrjettubúðir", svo nefndar, tóftir 3 fyrir ofan hringinn.* Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 27.06.1929.

**Höfði.** *1. Fornar tóftir tvær, vestan við fjós og hlöðu fyrir utan bæinn. 2. "Blóttóft" svo nefnd, á flatlendinu, beint niður undan. 3. Fornar tóftir fjölmargar niðri á Höfðaoddanum og til og frá á eyrinni. 4. Merkjagarður forn á landamærum Höfða og Næfraness.* Sjá Árb. 1888-1892: 130-132. Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 27.06.1929.

**Lambadalur.** *Vatnseyrar-þingstaður, búðartóftir fornar, austantil á eyrinni, o.fl. forn mannvirki þar.* Sjá Árb. 1883: 10-12. Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 27.06.1929.

**Sæból.** *1. Leifar Íngjalds-dysjar, vestantil í melhól uppi á fjallinu Barða, fyrir vestan Sæból.* Sbr. Árb. 1884-1885: 6-7.
*2. Fornar girðingar, nefndar Akrar, fyrir austan Sæból.* Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 27.06.1929.

## 4704 MOSVALLAHREPPUR

**Kirkjuból.** *a. Svonefnt Káraleiði í vestanverðum Bænhúshól.*
*b. Staður, sem auðkenndur hefur verið í norðvesturhluta matjurtagarðs.* Skjal undirritað af MÞ 15.02.1954. Þinglýst 27.04.1954.

---

*[44] Með bréfi menntamálaráðuneytisins, dags. 27.11.1957, var þjóðminjaverði heimilað að aflýsa friðhelgi búðartóftanna á þessa lund: "Friðhelgi búðatófta á Þingeyri skal að innanverðu á eyrinni takmarkast við girðingu þá, sem nú er þar þvert á búðasvæðið. Að baki frystihússins skuli tóftirnar sjálfar ráða og athafansvæði þess ná að tóftunum, en lengra ekki." Þjóðminjaverði var jafnframt falið að tilkynna þetta hlutaðeigandi. Aflýsingunni var þó aldrei þinglýst og stendur fyrri friðlýsing því óhögguð. (Uppl. sýslum. 28.09.1990).*

# 4800 NORÐUR-ÍSAFJARÐARSÝSLA

## 4805 REYKJAFJARÐARHREPPUR

**Heydalur.** *1.-2. Tvennar tóftaleifar þar sem bærinn hefir verið áður, einar fyrir innan Heydalsgil og aðrar, yngri, í túninu inn frá bænum. 3.-7. Tóftarrústir þar sem verið hafa bæirnir Bakkakot, Kirkjuból, Laugarbær, Galtarhryggur og Brennistaðir, frammi á Heydal.*[45] Sbr. Jarðabók VII: 210.[46] Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 27.06.1929.

**Vatnsfjörður.** I) *Grettisvarða, svo nefnd, á Grettishjalla.* Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 27.06.1929. II) Hjallur; tekinn á fornleifaskrá með bréfi menntamálaráðuneytisins 30.08.1976 og aftur 17.11. s.á. Ekki þinglýst.[47]

## 4806 NAUTEYRARHREPPUR

**Kirkjuból.** *Kirkjugarður gamall. Ennfremur eru friðhelg öll minnismerki og legsteinar í kirkjugarðinum.* Skjal undirritað af MÞ 31.12.1935. Þinglýst 14.07.1936.

## 4807 SNÆFJALLAHREPPUR

**Álfsstaðir.** *Rústir og önnur forn mannvirki á eyðibýlinu Sviðinsstöðum.* Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 27.06.1929.

**Dyrðilmýri.** *Rústir Hávarðsstaða, 500 faðma fyrir vestan bæinn.* Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 27.06.1929.

**Lónseyri.** *Ólafsleiði, svo nefnt, í túninu, á sljettu fyrir neðan brekkuna, í flæðarmáli.*[48] Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 27.06.1929.

**Æðey.** *Forntóftaleifar þar sem heitir Mánaberg og Bergssel var.* Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929.

---

[45] *Brennistaðir og Galtahryggur eru í Galtahryggjarlandi. (Þjms.* Könnun um friðlýstar fornleifar. Svar Gunnars Valdimarssonar, Heydal; Drög að spjaldskrá um friðlýstar fornleifar).

[46] *Ónákvæm tilv. á skjali.*

[47] *Uppl. sýslum. 28.09.1990.*

[48] *Horfið í sjó vegna landbrots. (Þjms.* Könnun un friðlýstar fornleifar. Svar Jens Guðmundssonar frá Lónseyri, Bæjum; sbr. einnig Drög að spjaldskrá um friðlýstar fornleifar).

Þinglýst 27.06.1929.

**Hrafnsfjarðareyri.** *1.-2. Tveir hólar, nefndir, Sigurfljóðarhaugur og Úlfhildarhaugur. 3. Rúst "Írsku-Krambúðar" svo nefndrar, á Skipeyri.* Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 27.06.1929.

**Steinólfsstaðir.** *Steinólfs-dys, svo nefnd; ílöng grjótdys.* Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 27.06.1929.

### SLÉTTUHREPPUR

**Atlastaðir.** *Skálatóft Vebjarnar Sygnakappa, svo nefnd, á hóli í túninu.* Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 27.06.1929.

**Látrar.** *Virkisrúst á Virkishól í Látrakví, dalhvilft í Látrafjalli.* Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 27.06.1929.

## 4900 STRANDASÝSLA

### 4901 ÁRNESHREPPUR

**Árnes.** *"Trjekyllisnaust", er svo kallast, norðan til í Árnestúni við sjóinn.*[49] Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 14.06.1933.

**Bær.** *Kirkjugarður forn, (Finnboga ramma að sögn), í túninu.* Sbr. Kålund 1877: 625. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 14.06.1933.

**Drangar.** *Þústir 2 fornar í Meyjaseli, er svo kallast, á milli Skjaldbjarnarvíkur og Dranga.* Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 14.06.1933.

---

[49] *Nú þekktara sem Flosanaust. (Þjms.* Könnun um friðlýstar fornleifar. Svar Benedikts Valgeirssonar, Árnesi).

### 4902 KALDRANANESHREPPUR

**Hafnarhólmur.** *Akurgirðingar fornar á Akranesi.* Sbr. Kålund 1877: 629. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 14.06.1933.

**Kaldbakur.** *"Trjefótshaugur", svo nefndur, á Kaldbaksdal.* Sbr. Kålund 1877: 627. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1939. Þinglýst 14.06.1933.

**Klúka.** *Gvendarlaug, hlaðin baðlaug um 100 m. norðan við vesturhorn skólans á Laugarhóli.* Skjal undirritað af ÞM 30.12.1988. Þinglýst 10.01.1989.

**Svanshóll.** *"Goðahaugur", svo nefndur, á Goðadal.* Sbr. Kålund 1877: 628. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 14.06.1933.[50]

### 4904 HÓMAVÍKURHREPPUR

**Staður.** *a. Byggingarleifar fornar á Staðardal. b. Legstaðir frá heiðni á Staðardal.* Sbr. Kålund 1877: 629. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 14.06.1933.

**Víðidalsá.** *Fornar dysjar tvær á holti, sem er í austnorður frá bænum, og forn mannvirki á tveim stöðum framar á holtinu.* Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 14.06.1933.

### 4908 BÆJARHREPPUR

**Melar.** *Forni-bær og forna-fjós, sem svo eru nefnd, í hvammi fyrir norðan bæinn.* Sbr. Árb. 1924: 49. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 14.06.1933.

## 5500 VESTUR-HÚNAVATNSSÝSLA

---

[50] *Neðst á skjali (eint. Þjms.) stendur eftirfarandi aths.: "Falli niður. Haugur með þessu nafni er ekki í landi Svanshóls. Matth. Þórðarson." Friðlýsingin er þó enn í gildi, sbr. bréf sýslum. 08.08.1990. Hins vegar mun Goðahaugur vera í landi Goðdals. (Þjms. Könnun um friðlýstar fornleifar. Svar Ingimundar Ingimundarsonar, Svanshóli).*

## 5501 STAÐARHREPPUR

**Þóroddsstaðir.** *Grjótbrú forn hjá Brúarhóli á Hrútafjarðarhálsi.* Sbr. Árb. 1895: 14. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 23.06.1931.

## 5502 FREMRI-TORFUSTAÐAHREPPUR

**Bjarg.** *"Grettisþúfa", er svo heitir, stór þúfa í túninu norður frá bænum.* Sbr. Kålund 1879-1882: 10. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 24.06.1931.

## 5503 YTRI-TORFUSTAÐAHREPPUR

**Melstaður.** *"Hofgirðing" og önnur forn mannvirki fyrir ofan eyðibýlið Hof, og þar sem það stóð, sem er svo sem stekkjarvegi norður á brúninni út frá Melstað.* Sbr. Árb. 1895: 12-13; Árb. 1925-1926: 53-56. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 23.06.1931.

**Ytri-Torfustaðir.** *Stór steinn með fornum ristum, svokallaður "Torfusteinn", sem stendur á gamla bæjarstæðinu ofanvert við núverandi bæjarstæði.* Skjal undirritað af KE 07.03.1966. Þinglýst 24.03.1966.

## 5504 HVAMMSTANGAHREPPUR

**Hvammstangi.** Kirkjuhvammskirkja; tekin á fornleifaskrá með bréfi menntamálaráðuneytisins 30.08.1976. Ekki þinglýst.[51]

## 5506 ÞVERÁRHREPPUR

**Borg.** *Borgarvirki.* Sbr. Árb. 1880-1881: 101-103; Bruun 1928: 108-113 (með myndum). Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.06.1931.

---

[51] *Orðsending sýslum. 05.10.1990.*

**Klömbrur.** I) *Forn rúst þar er heitir "í Ormsstöðum", uppi á Ormsdal.* Sbr. Árb. 1895: 2. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.06.1931. II) *Steinveggir gamla íbúðarhússins í Klömbrum, þess er Júlíus læknir Halldórsson lét reisa.* Skjal undirritað af ÞM 07.01.1982. Þinglýst 03.05.1982.

**Síða.** *"Ingimundarrústir", er svo heita; þær eru norðan undir Ingimundarhól, en hann stendur einstakur í nesi því, er verður milli Víðidalsár og Faxalækjar.* Sbr. Árb. 1901: 26. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.06.1931.

### 5507 ÞORKELSHÓLSHREPPUR

**Stóra-Ásgeirsá** *1. Gamlar traðir upp frá bænum. 2. Rafstöð, stöðvarhús, túrbína og rafall í árgilinu sunnanvið bæinn, ásamt stíflu ofar í ánni og vatnspípu á milli.* Skjal undirritað af ÞM 15.11.1978. Þinglýst 28.11.1978.[52]

## 5600 AUSTUR-HÚNAVATNSSÝSLA

### 5601 ÁSHREPPUR

**Ás.** *Rústir eyðibýlisins Odda-áss í Ljótunnarkinn; þær eru í grænni brekku sunnan í Odda-ásnum, sem er áfastur bæjarásnum í Ási, norðvestur frá honum.* Sbr. Árb. 1895: 5. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 17.06.1931.

**Grímstunga.** *a. Rústir eyðibýlisins Þórhallsstaða; þær eru í Forsæludal, vestan árinnar, því nær á móti Koti.* Sbr. Árb. 1892: 78. *b. "Glámsþúfa", er svo heitir, lítill grashóll með bolla ofaní, tveim stuttum bæjarleiðum fyrir framan Þórhallsstaði.* Sbr. Árb. 1892: 78. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 17.06.1931.

---

[52] *Friðlýst á Stóru-Ásgeirsstaði af misgá, sbr. orðsendingu sýslum. 28.11.1978.*

**Hof.** *Leifar fornrar "hofgirðingar" á Goðhól, fyrir ofan tún á Hofi.* Sbr. Árb. 1895: 4. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 17.06.1931.

**Marðarnúpur.** *Fyrirhleðsla forn fyrir sundlág, sem er í túninu fyrir utan og neðan bæinn.* Sbr. Árb. 1892: 122. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 17.06.1931.

**Nautabú.** *Hinar fornu rústir Nautabús; þær eru í Nautabúsmóa, skamt fyrir innan hinn gamla farveg Kornsár.* Sbr. Árb. 1892: 78. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 17.06.1931.[53]

**Þórormstunga.** *a. Jökulsstaðir, fornt eyðibýli uppi í tungunni.* Sbr. Árb. 1892: 122. *b. "Lögrjetta", er svo heitir, forn hringur í túninu.* Sbr. Kålund 1879-1882: 40. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 17.06.1931.

## 5602 SVEINSSTAÐAHREPPUR

**Breiðabólsstaður.** *Rúst eyðibýlisins Faxabrandsstaða; hún er upp með bæjarlæk Breiðabólsstaðar, gildum stekkjarvegi fyrir sunnan og vestan bæinn.* Sbr. Árb. 1895: 7. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 17.06.1931.

**Steinnes.** *Fornar búðaleifar á Lögmannsholti, skamt frá læk þeim er Syngjandi heitir; garðlagsbútur vestan við þær og dys fám föðmum vestar.* Sbr. Kålund 1879-1882: 32. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 17.06.1931.

**Þingeyrar.** *a. Allar leifar hins forna þingstaðar. Þar með "Dómhringur", er svo heitir enn, í túninu milli núverandi kirkju og hins gamla kirkjugarðs.* Sbr. Árb. 1895: 8-9; Árb. 1906: 26-27. *b. Túngirðing forn þar er "Trumsvalir" heita, vestaní holti því, sem Þingeyrarbær stendur sunnaní.* Sbr. Árb. 1905: 8.
*c. "Stígandahróf", svo kallað; það er við Húnavatn á dálitlu nesi, er gengur út í vatnið litlu sunnar en gegnt bænum Akri.* Sbr. Árb. 1895: 7. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 17.06.1931.

## 5605 SVÍNAVATNSHREPPUR

**Svínavatn.** *Hella við bæjarlækinn með hring höggnum á.* Sbr. Árb. 1910: 70-71. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 20.06.1931.

---

[53] *Friðlýst á jörðina Undornsfell. Minjarnar eru nú í landi Nautabús sem er nýbýli frá Undornsfelli. (Þjms.* Könnun um friðlýstar fornleifar. Svar Jóns Hannessonar frá Undornsfelli, Húnabraut 22, Blönduósi).

### 5606 BÓLSTAÐARHLÍÐARHREPPUR

**Mörk.** *Forn bæjarrúst í Litla-Vatnsskarði vestarlega, sunnanvið lækinn í skarðinu.* Sbr. Árb. 1925-1926: 39-40 (með uppdrætti). Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 15.06.1931.

### 5607 ENGIHLÍÐARHREPPUR

**Fagranes.** *Fornar tóftir 2 og girðing um, hjer um bil miðja vega milli Holtastaða og Hvamms, fyrir austan veginn.*[54] Sbr. Árb. 1924: 50-51. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 01.06.1931.

**Litla-Vatnsskarð.** *1. Tvennar fornar bæjar- og selja-tóftir í Litla-Vatnsskarði, vestarlega, og lítil tóft, með gerði um, suður og austur við lækinn í skarðinu. 2. Rústir Ævarsskarðs hins forna, svonefndar Evars-tóftir, skamt fyrir neðan túnið, beggja vegna melhryggjar eins, skriðu úr fjallinu austan við.* Sbr. Árb. 1925-1926: 39-41. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 01.06.1931.

### 5608 VINDHÆLISHREPPUR

**Hof.** *"Goðatóft", svo nefnd, í hallanum við Hofsá.* Sbr. Kålund 1879-1882: 56. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 16.06.1931.

## 5700 SKAGAFJARÐARSÝSLA

### 5701 SKEFLISSTAÐAHREPPUR

**Hvammur.** *Bæjarrústir Atlastaða við Atlastaða á.* Skjal undirritað af MÞ 10.06.1926. Þinglýst 13.08.1926.

---

[54] *Á að vera fyrir vestan veginn, sbr. athugasemd MÞ á skjali. Sjá einnig bréf sama, dags. 03.04.1933, til Jónatans J. Líndal, Holtastöðum. Bréf MÞ, dags. 03.11.1933, sem hann vísar til á skjali, fannst ekki í bréfabókum Þjóðminjasafns. Breytingu á staðsetningu tóftanna var aldrei þinglýst, sbr. ljósrit af skjali frá sýslum. Fornleifum þessum er friðlýst á jörðina Holtastaði. Þær eru nú í landi Fagraness sem er nýbýli frá Holtastöðum. (Þjms.* Könnun um friðlýstar fornleifar. Svar Gunnars Sigurðssonar, Mýrarbraut 11, Blönduósi).

## 5702 SKARÐSHREPPUR

**Sjávarborg.** Sjávarborgarkirkja; tekin á fornleifaskrá með bréfi menntamálaráðuneytisins 06.10.1972. Ekki þinglýst.[55]

## 5704 SEYLUHREPPUR

**Brekka.** *Rústir beitarhúsa frá Brekku nokkru sunnan við þjóðveginn upp á Vatnsskarð*. Sbr. Lesb. Mbl. 12.10.1975. Skjal undirritað af ÞM 16.09.1976. Þinglýst 24.09.1976.

## 5705 LÝTINGSSTAÐAHREPPUR

**Bútsstaðir.** *Einirlækjar-rústir*. Sbr. Árb. 1898, fylgirit: 66.[56] Skjal undirritað af MÞ 10.06.1926. Þinglýst 13.08.1926.

**Hof.** *Fornar rústir í Vesturdal: Hrafnsstaða-rústir, Hringaness-rústir, Hraunþúfuklausturs-rústir og Tungu-rústir*. Sbr. Árb. 1898, fylgirit: 59-60. Skjal undirritað af MÞ 10.06.1926. Þinglýst 13.08.1926.

## 5706 AKRAHREPPUR

**Flugumýri.** *Virkisleifar á Virkishól fyrir ofan bæinn.* Skjal undirritað af MÞ 10.06.1926. Þinglýst 13.08.1926.

**Merkigil.** *Fornar rústir, þar sem verið hafa bæirnir Kolgrímastaðir, Sandgil (Hjálmarssel), Selsvellir og Öxl*. Sbr. Árb. 1898, fylgirit: 61-62, 65.[57] Skjal undirritað af MÞ 10.06.1926. Þinglýst 13.08.1926.

**Stóru-Akrar.** Bæjardyr og gamalt þinghús; tekið á fornleifaskrá með bréfi menntamálaráðuneytisins 23.02.1954. Ekki þinglýst.[58]

**Úlfsstaðir.** *Úlfshaugur. Hann er rjett við veginn og miðja vega milli Úlfsstaða og Kúskerpis*. Sbr.

---

[55] *Uppl. sýslum. 13.10.1990.*
[56] *Nákvæma tilv. vantar á skjali.*
[57] *Nákvæma tilv. vantar á skjali.*
[58] *Uppl. sýslum. 13.10.1990. Friðlýsingin er ógild.*

Árb. 1888-1892: 79-80. Skjal undirritað af MÞ 10.06.1926. Þinglýst 13.08.1926.

**Víðivellir** *Tóftir og garðlög á Örlygsstöðum.* Sbr. Árb. 1888-1892: 83. Skjal undirritað af MÞ 10.06.1926. Þinglýst 13.08.1926.

**Ysta-Grund.** *"Össurar-lögrjetta" svo nefnd, ferhyrnd girðing, um 24 m. á hvern veg.* Skjal undirritað af MÞ 10.06.1926. Þinglýst 13.08.1926.

## 5707 RÍPURHREPPUR

**Garður.** *Þingbúðatóttir allar og aðrar fornar tóttir á Hegraness-þingstað.* Sbr. Árb. 1888-1892: 81, 110-117; Árb. 1901: 20-23. Skjal undirritað af MÞ 10.06.1926. Þinglýst 13.08.1926.[59]

## 5708 VIÐVÍKURHREPPUR

**Hofsstaðir.** *Hoftóft á hæðinni Valhöll, fyrir vestan túnið, norðan við fjárhús, sem þar eru.* Sbr. Árb. 1888-1892: 90. Skjal undirritað af MÞ 10.06.1926. Þinglýst 13.08.1926.

## 5709 HÓLAHREPPUR

**Hof.** *Bæjartóttir, nefndar Skálatóttir, útnorður frá bænum. Hoftótt (?) sunnan og vestan-megin við fjárhúsin, sem standa á háum hól norður í túninu. Tóttir miklar og samhangandi á rana er fer lækkandi til norðurs frá hólnum, sem fjárhúsin standa á. Leifar Hjaltahaugs og hringmyndaðrar girðingar um hann austur frá bænum. Garðlög, sem hafa verið gerð til að mynda sundtjörn í lægð þeirri er verður suðaustur frá bæjarhólnum og lækjarfarvegur þangað frá bæjarlæknum.* Sbr. Árb. 1888-1892: 108-109; Árb. 1901: 19. Skjal undirritað af MÞ 10.06.1926. Þinglýst 13.08.1926.

**Hólar.** I) *Altarisleifar í Gvendarskál uppi í Hólabyrðu og leifar af upphleyptum vegi þangað. "Slotið" svo nefnda, fyrir norðan kirkjuna.* Skjal undirritað af MÞ 10.06.1926. Þinglýst 13.08.1926. II) Gamli bærinn á Hólum; tekinn á fornleifaskrá með bréfi menntamálaráðuneytisins 14.11.1956. Ekki þinglýst.[60]

**Neðri-Ás.** *Tóttarleifar kirkju þeirrar er Þorvarður Spak-Böðvarsson reisti.* Skjal undirritað af MÞ 10.06.1926. Þinglýst 13.08.1926.

---

[59] *Fært á Litla-Garð af MÞ en friðlýsingin á við Garð, sbr. bréf sýslum. 14.09.1990.*

[60] *Uppl. sýslum. 13.10.1990. Friðlýsingin er ógild.*

**Reykir.** *Lítil, upphlaðin laug neðst í túninu, sem nefnd er "Biskupslaug".* Skjal undirritað af ÞM 16.09.1969. Þinglýst 19.09.1969.

### 5710 HOFSHREPPUR

**Gröf.** I) *Höfðinn við ós Grafarár, með öllum minjum um kaupstaðinn Grafarós.* Skjal undirritað af KE 07.09.1964. Þinglýst 10.09.1964. II) Bænhús; tekið á fornleifaskrá með bréfi menntamálaráðuneytisins 05.06.1943. Ekki þinglýst.[61]

**Vatn.** *Svokallaðar Ræningjadysjar er enskir menn áttu að vera heygðir í.* Skjal undirritað af KE 12.05.1954. Þinglýst 10.08.1954.

### 5715 FLJÓTAHREPPUR

**Húnsstaðir.** *Goðahússtótt á svonefndum Goðahól og girðingarleifar um hólinn.*[62] Skjal undirritað af MÞ 10.06.1926. Þinglýst 13.08.1926.

**Langhús.** *Naust geysistórt neðantil á túninu, ca 100 faðma frá bökkum Hópsvatns. Annað naust á vatnsbakkanum beint fyrir neðan Langhús.* Sbr. Kålund 1879-1882: 88; Jón Dúason 1942: 842. Skjal hvorki undirritað né þinglýst.[63]

## 6500 EYJAFJARÐARSÝSLA

### 6502 SVARFAÐARDALSHREPPUR

**Grund.** *"Lögrjetta", svo nefnd, í Blakksgerði, suðvestur frá Grund.* Sbr. Kålund 1879-1882: 96-97.

---

[61] *Uppl. sýslum. 13.10.1990. Friðlýsingin er ógild.*

[62] *"Minjar þessar fóru undir vatn, þegar Skeiðsfossvirkjun var gerð. 15.vii. 1953. K.E." (Þjms.* Drög að spjaldskrá um friðlýstar fornleifar).

[63] *Ógild friðlýsing, sbr. bréf sýslum. 14.09.1990.* Eftirfarandi er ritað neðst á skjalið: "Aths. Upprunaleg friðlýsingarskjöl eru glötuð, og sést ekki, hvenær friðlýsingin hefur verið gerð." Líkur eru á að hér hafi aldrei verið um neinar fornleifar að ræða, sbr. minnisgrein með hendi KE: "15.vii. 1953. Tóm endileysa." (Þjms. Drög að spjaldskrá um friðlýstar fornleifar).

Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.

**Göngustaðakot.** *Klaufarness-rústir skamt frá Svarfaðardalsá.* Sbr. Árb. 1901: 19. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.[64]

**Háls.** *Dalsbæjar-rústir hins forna, allstórar, skamt frá sjónum.* Sbr. Kålund 1879-1882: 101. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.[65]

**Hof.** *Svonefnd "goðatóft" og girðing umhverfis, á litlum hól norður frá bænum.* Sbr. Kålund 1879-1882: 99. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.

**Másstaðir.** *Akurgirðingar fornar í norðausturhorni Skíðadals.* Sbr. Kålund 1879-1882: 98. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.[66]

**Tungufell.** I) *Rústir eyðibýlisins Kringlu, ásamt kringlóttum garði umhverfis, rétt fyrir framan brúna á Svarfaðardalsá.* Skjal undirritað af ÞM 29.07.1976. Þinglýst 04.08.1976. II) *Rústir eyðibýlisins Syðra-Tungukots, túngarður forn og allar húsarústir innan hans, beint upp af Kaupstaðarhvammi fyrir sunnan skilaréttina á Tungunum í Svarfaðardal.* Skjal undirritað af ÞM 16.09.1976. Þinglýst 21.09.1976.

**Vellir.** *Svo-nefnd "Lögrjetta", stór ferhyrnd tóft á lágum bala.* Sbr. Kålund 1879-1882: 100. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.

## 6505 ÁRSKÓGSHREPPUR

**Stóru-Hámundarstaðir.** *Rústasvæði Neðra-Hálskots og Efra-Hálskots, áður kallað Stóri-Háls einu nafni, þar á meðal garðlög mikil og aðrar rústir ofan og neðan þjóðvegar.* Skjal undirritað af ÞM 21.12.1983. Þinglýst 05.01.1984.

**Syðra-Kálfskinn.** *Haugur Hræreks konungs Dagssonar, fyrir norðvestan túnið.* Sbr. Kålund 1879-1882: 103. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.[67]

---

[64] *Friðlýst á jörðina Klaufabrekku, en nú í landi Göngustaðakots. Búið að rækta hérna tún. Rúst grafin upp af KE 1940. (Þjms.* Könnun um friðlýstar fornleifar. Svar Soffíu S. Hreinsdóttur, Klaufabrekkum).

[65] *Þetta eru rústir Stóra-Háls í Stóru-Hámundarstaðarlandi. Friðlýstar á ný sem Stóri-Háls, 21.12.1983, ásamt Neðra- og Efra-Hálskoti, í fyrrgreindri landareign. Friðhelgi Dalsbæjar-rústa hefur ekki enn verið felld niður. Talið er að þær hafi aldrei kallast þessu nafni og því um ágiskun að ræða. (Þjms. Drög að spjaldskrá um friðlýstar fornleifar).*

[66] *Þinglýsingin, sem enn er í fullu gildi, var aldrei færð inn í fasteignabók Másstaða (Ytri- og Syðri-Másstaða), sbr. bréf sýslum. 16.08.1990. Sjá einnig bréf sama 02.07.1990.*

[67] *Friðlýst á Kálfskinn. Haugurinn hefur þó ætíð verið í Syðra-Kálfskinnslandi. (Uppl. Báru Sigfúsd., Syðra-Kálfskinni).*

**Stærri-Árskógur.** *1. Rústir eyðibýlisins Hávarðarstaða í Þorvaldsdal. 2. Rústir eyðibýlisins Þórhallsstaða eða Þórhallskots í Þorvaldsdal.* Sbr. Ferðir 1971: 8-14. Skjal undirritað af ÞM 10.03.1972. Þinglýst 15.03.1972.

## 6506 ARNARNESHREPPUR

**Syðri-Bakki.** *1. Rústir eyðibýlisins Mið-Bakka svo og leifar af túngarði umhverfis. 2. Tættur tvær sunnan undir Bjarnarhól á Bakkaásum.* Skjal undirritað af ÞM 21.12.1983. Þinglýst 05.01.1984.

## 6507 SKRIÐUHREPPUR

**Auðbrekka.** *Steinker gamalt, stórt; höggvið út úr rauðleitu móbergi.* Sbr. Árb. 1924: 51. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.

**Búðarnes.** *Búðatóftir þrjár fornar; þær eru í nesinu, sem Hörgá myndar þar.* Sbr. Árb. 1906: 21. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.

**Fornhagi.** *"Kirkjutóft", er svo kallast, laut mikil í hól þann, er Kirkjuhóll heitir, niðri í túninu.* Sbr. Árb. 1906: 20. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.

**Myrkárdalur.** *Rústarbrot forn, útundan gamalli uppgróinni skriðu.* Sbr. Víga-Glúms sögu, 26. kap.;[68] Árb. 1906: 21. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.

**Staðartunga.** *Forntóftir þrjár, sem eru á móanum vestan megin við Yxnadalsbrúna.* Sbr. Árb. 1906: 22. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.

**Öxnahóll.** *"Lögrjetta", er svo heitir, dálítil girðing nálægt landamærum Öxnahóls og Barkár.* Sbr. Árb. 1906: 21. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.

## 6508 ÖXNADALSHREPPUR

**Bakki.** *Leifar hins forna eyðibýlis Hofgerðis.* Sbr. Árb. 1906: 22. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.

**Gloppa.** *a. "Kofarúst skógarmanns", norðanmegin við Vaskárgljúfrið, og b. "dys skógarmannsins",*

---

[68] *Eflaust útg. 1880.*

*sunnanmegin við það gljúfur*. Sbr. Árb. 1906: 23. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.

## 6509 GLÆSIBÆJARHREPPUR

**Gæsir.** *a. Allar hinar fornu búðartóftir á Gáseyri*. Sbr. Árb. 1901: 18; Árb. 1908: 3-8. *b. Kirkjutóft og kirkjugarður, á dálítilli brún fyrir vestan grundina, sem búðatóftirnar eru á*. Sbr. Árb. 1908: 5-8. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.

## 6511 SAURBÆJARHREPPUR

**Leyningur.** *"Völuleiði", svo nefnt, í Leyningshólum, og gamall rúnasteinn, er því heyrir til.* Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.

**Möðruvellir.** I) *Eyjólfs-haugur svo nefndur, í túninu við bæinn*. Sbr. Kålund 1879-1882: 119. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932. II) *Klukknaport úr timbri smíðað 1781, stendur vestur frá kirkjudyrum.* Skjal undirritað af KE 09.11.1962. Þinglýst 14.11.1962.[69]

**Núpufell.** *Hússtæði prenthúss þess er var þar á 16. öld*. Sbr. Kålund 1879-1882: 118. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.

**Saurbær.** I) *Forn tóft í túninu, sem er talin vera hoftóft.*[70] Sbr. Kålund 1879-1882: 116. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932. II) Saurbæjarkirkja; tekin á fornleifaskrá með bréfi menntamálaráðuneytisins 17.04.1959. Ekki þinglýst.[71]

**Tjarnir.** *a. Másstaðarúst og b. Granastaðarúst í Eyjafjarðardal*. Sbr. Árb. 1906: 70. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.

**Öxnafell.** *Rústir hins gamla eyðibýlis Víðiness, fyrir sunnan Arnarhól*. Sbr. Kålund 1879-1882: 120. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.

## 6512 ÖNGULSSTAÐAHREPPUR

**Kaupangur.** *Fornar tóftir 2 á Festarkletti og hin 3. litlu sunnar og neðar.*[72] Sbr. Árb. 1906: 15-16.

---

[69] *Sbr. einnig bréf menntamálaráðuneytisins 23.10.1962.*

[70] *Sennilega horfin. (Þjms*. Könnun um friðlýstar fornleifar. Svar Sveinbjarnar Daníelssonar, Saurbæ, og bréf ÁG, dags. 22.05.1981, til hans).

[71] *Orðsending sýslum. 27.09.1990. Friðlýsingin er ógild.*

[72] *Þriðja tóftin er í Knarrarbergslandi. (Þjms*. Könnun um friðlýstar fornleifar. Svar Tómasar Inga Olrich, Byggðavegi

Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.

**Litla-Eyrarland.** *Leifar hins forna Vaðlaþingstaðar; þær eru í litlu dalhverfi, svo nefndum Búðdal, er gengur upp frá skarði nokkru í melbakkanum, sem er fyrir neðan bæinn.* Sbr. Árb. 1901: 16-17 (með uppdrætti); Bruun 1928: 99-101. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.

# 6600 SUÐUR-ÞINGEYJARSÝSLA

## 6602 GRÝTUBAKKAHREPPUR

**Laufás.** Gamli torfbærinn í Laufási; tekinn á fornleifaskrá með bréfi menntamálaráðuneytisins 05.06.1948. Ekki þinglýst.[73]

**Nes.** *Fornar girðingarleifar á sandhæð nálægt Nesi, og tvennar aðrar skamt frá.* Sbr. Kålund 1879-1882: 134. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 1931.[74]

## 6604 HÁLSHREPPUR

**Afréttarland.** *Fornar rústir á þrem stöðum, þar sem Flausturbalar heita, nálægt miðri norðurhlíð Bleiksmýrardals.* Sbr. Árb. 1906: 14. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 1931.

**Eyri.** *Fornar girðinga- og tóftarleifar í graslendi í Eyrar-urð.* Sbr. Kålund 1879-1882: 137. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 1931.

**Fornastaðir.** *Forn rúst, er Finnastaðir heitir, skamt norðvestur frá túninu.* Sbr. Árb. 1906: 9. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 1931.

**Háls.** *Allar fornar leifar á Leiðarness-þingstað, en hann er vestur við Fnjóská, þar er hún gjörir bug vestur á við og myndar á þann hátt nes.* Sbr. Árb. 1901: 15; Bruun 1928: 100-101. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 1931.

**Hjaltadalur.** *Rúst eyðibýlisins Steinagerði, við landamæri Snæbjarnarstaða.* Sbr. Árb. 1906: 13.

---

88, Akureyri).

[73] *Sbr. bréf sýslum. 24.09.1990. Friðlýsingin er ógild.*

[74] *Ekki var um að ræða nákvæmari dagsetningu þinglýsinga í Þingeyjarsýslu á þessum tíma. Sbr. bréf sýslum. 10.07.1990.*

Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 1931.

**Hof.** *a. Hoftóft, er svo er nefnd, á túninu norðaustur frá bænum. b. Aðrar fornar tóftir um túnið, m.a. ein hringmynduð tóft.* Sbr. Kålund 1879-1882: 136. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 1931.

**Reykir.** *a. Fardísar-tóftir, svo nefndar, á Bleiksmýrardal.*
*b. Rústir Kárasels, nokkru utar. c. Gamlar rjettir, á grund litlu ofar.* Sbr. Árb. 1906: 14-15. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 1931.

**Sörlastaðir.** *a. Rústir hins forna eyðibýlis Timburvalla, vestan-megin í Timburvalladal.* Sbr. Árb. 1906: 11. *b. Rústir hins forna eyðibýlis Tungufells, undir múlanum milli Timburvalladals og Hjaltadals.* Sbr. Árb. 1906: 12. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 1931.

**Tunga.** *a. Rúst eyðibýlisins Klaufakots, nálægt mynni Bleiksmýrardals.* Sbr. Árb. 1906: 13. *b. Grænutóftir, svo nefndar, langt suður í dalnum.* Sbr. Árb. 1906: 13. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 1931.

**Þórðarstaðir.** *Leifar Fjósatunguþingstaðar; þær eru gegnt Fjósatungu við Fnjóská.* Sbr. Árb. 1901: 15-16 (með uppdrætti); Árb. 1918: 8. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 1931.

## 6605 LJÓSAVATNSHREPPUR

**Afréttarland.** *a. Leifar hins forna eyðibýlis Hrauntungu, í norðurjaðri Ódáðahrauns, við upptök Suðurár. b. Leifar hins forna eyðibýlis Hofgarða, við suðurenda Íshólsvatns, austanmegin.*
*c. Fornar bæjarrústir, í tungunni milli Fiskiár og Mjóadalsár.* Sbr. Árb. 1898, fylgirit: 71, 74; Árb. 1906: 10; Bruun 1928: 166-171. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 1931.

**Ljósavatn.** *1. Hoftóft í túninu, um 100 metra fyrir austan kirkjuna. 2. Gamlar bæjartóftir suðaustur frá bænum, á dálitlum hól fyrir utan túnið.* Sbr. Árb. 1924: 52-53; Bruun 1928: 47-48, 170-172. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 1931.

## 6606 BÁRÐDÆLAHREPPUR

**Hlíðarendi.** *Gamlar girðingar og tóftir, þar sem heitir Geitagerði.* Sbr. Árb. 1898, fylgirit: 75. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 1931.[75]

*[75] Fornleifum þessum er friðlýst á jörðina Sandhauga, sbr. bréf sýslum.,dags. 10.07.1990, og ljósrit af skjali frá honum. Minjarnar eru eigi að síður í landi Hlíðarenda og leiðrétting þar að lútandi kemur fram á eintaki Þjóðminjasafns en henni var aldrei þinglýst. (Sbr. einnig uppl. Steinunnar Kjartansdóttur, Sandhaugum).*

**Stóru-Vellir.** *Fornleifar Söxólfsstaða*. Sbr. Árb. 1898, fylgirit: 74-75. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 1931.

**Víðiker.** *a. Fornar rústir Litla-Víðikers, í halla fyrir austan Svartá. b. Fornar rústir, þar sem heitir Víðigerði; það er spölkorni sunnar en Litla-Víðiker, í litlum halla, nál. 400 álnum fyrir austan Svartá*. Sbr. Árb. 1898, fylgirit: 68-69; Bruun 1928: 164-167 (með uppdráttum). Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 1931.

## 6607 SKÚTUSTAÐAHREPPUR

**Arnarvatn.** *Fornleifar á Mýnessási; þær eru á norðurenda ássins við Laxá*. Sbr. Árb. 1901: 11-12. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 1931.[76]

**Hofsstaðir.** *Hoftóft norður á túninu; lítil hringmynduð tóft fyrir austan hana, fornt garðlag með brekkubrúninni upp frá litla hringnum, og hestarjett við garðlagið*. Sbr. Árb. 1906: 12-13 (með uppdrætti); Bruun 1928: 39-47. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 1931.

**Hörgsdalur.** *"Þrælsgerði", er svo heitir, dálítil túngirðing, forn, austan á holtinu, sem er fyrir austan heimatúnið, og forn bæjarrúst í*. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 1931.

## 6608 REYKDÆLAHREPPUR

**Fljótsbakki.** *a. Öll mannvirki á hinum forna Þingeyjar-þingstað í Þingey*. Sbr. Árb. 1906: 4-5. *b. Allar fornar búðatóftir í Skuldaþingsey*. Sbr. Bruun 1928: 100-104. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 1931.

**Halldórsstaðir í Laxárdal.** *Gömul steinþró, ferhyrnd, 56-58 cm. að þvermáli, og um 65 cm. að dýpt, í kjallara undir íbúðarhúsi*. Sbr. Árb. 1924: 53-54. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 1931.

**Helgastaðir.** *Öll mannvirki á hinum forna þingstað, Leiðarhóli; hann er uppi undir fjallinu vestur frá bænum*. Sbr. Árb. 1901: 13-14. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 1931.

**Stóru-Laugar.** *"Valhöll", er svo heitir, forn hringur, eða stór tóft, suðaustantil í túninu*. Sbr. Árb. 1906: 9. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 1931.

---

[76] *Fornleifum þessum er friðlýst á jörðina Skútustaði, sbr. bréf sýslum., dags. 10.07.1990, og ljósrit af skjali frá honum. Minjarnar eru eigi að síður í landi Arnarvatns og leiðrétting þar að lútandi kemur fram á eintaki Þjóðminjasafns en henni var aldrei þinglýst. (Sjá einnig Þjms. Könnun um friðlýstar fornleifar. Svar Eysteins Sigurðssonar, Arnarvatni).*

**Þverá.** *Fornar tóftir tvær; önnur sunnanvert við tröðina, efst í túninu, hin niðri í túninu, nær ánni.* Sbr. Árb. 1924: 54. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 1931.

### 6609 AÐALDÆLAHREPPUR

**Bergsstaðir.** *Mánagerði, dálítil túngirðing, forn, fyrir vestan heimatúnið, og í henni bæjarrúst.* Sbr. Árb. 1906: 7. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 1931.
**Rauðaskriða.** *Kirkjugarður forn vestur frá bænum.* Sbr. Árb. 1906: 6. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 1931.

### 6611 TJÖRNESHREPPUR

**Ytri-Tunga.** *Fornar rústir og girðingar þar er Böðólfsstaðir heita, norðaustur við Hallbjarnarstaðaá, dálítið fjær frá sjó en næstu bæirnir eru nú.* Sbr. Árb. 1906: 8. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 1931.

## 6700 NORÐUR-ÞINGEYJARSÝSLA

### 6702 ÖXARFJARÐARHREPPUR

**Núpur.** *Grettisbæli í Axarnúpi, hátt uppi í skriðunni norðan í Núpnum.* Sbr. Árb. 1924: 55-56 (með myndum). Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 1931.

### 6704 PRESTHÓLAHREPPUR

**Arnarstaðir.** *Rústir eyðibýlisins Hrauntanga á Öxarfjarðarheiði.* Skjal undirritað af ÞM 16.09.1976. Þinglýst 15.10.1976.

**Harðbakur.** *Þorgeirsdys og Gautsdys á Hraunhafnartanga miðjum.* Sbr. Árb. 1924: 56-57. Skjal

undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 1931.

**Valþjófsstaður.** *Forn dys á hægri hönd við veginn inn að Axarnúpi, utanvert við Magnavík, skamt fyrir norðan Valþjófsstað og skamt frá flæðarmáli.* Sbr. Árb. 1924: 56. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 1931.[77]

# 7500 NORÐUR-MÚLASÝSLA

## 7502 VOPNAFJARÐARHREPPUR

**Hof.** I) *a. Hoftóft, svo sem 150 föðmum beint upp frá kirkjunni.*
*b. Forn ferhyrnd girðing, sem er á hægri hönd þegar riðið er heim traðirnar. c. "Skollahringur", er svo kallast, hringmynduð tóft fyrir ofan bæinn. d. Önnur girðing fornleg, sem er norðar og austar og liggur fast við hinn gamla túngarð.* Sbr. Árb. 1893: 55-57. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 10.06.1931. II) *Fornar bæjartóftir á sljettum bletti við Sunnudalsá, undir grasbrekku, [þar sem eru beitarhús frá Hofi].*[78] Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 15.03.1938.

**Krossavík.** *Túngarðsleifar fornar þar sem heitir enn Krumsholt, spölkorn fyrir utan bæinn.* Sbr. Árb. 1893: 55. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 10.07.1931.

**Sunnudalur.** *Fornar búðaleifar á Sunnudalsþingstað.* Sbr. Árb. 1893: 59. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 10.07.1931.

## 7503 HLÍÐARHREPPUR

**Hrafnabjörg.** *Forn tóft í túninu fyrir utan bæinn, kölluð "hof".* Sbr. Árb. 1893: 51-52. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 10.07.1931.

## 7504 JÖKULSDALSHREPPUR

---

[77] *Friðlýst á Presthóla þótt í Valþjófsstaðarlandi sé. (Þjms. Könnun um friðlýstar fornleifar. Svar Jónasar Þorgrímssonar, Presthólum).*

[78] *Texta innan hornklofa var bætt við síðar vegna þess að áður var fornleifunum þinglýst á Síreksstaði (10.07.1931). Sjá bréf MÞ, dags. 02.03.1938, til sýslumannsins í Norður-Múlasýslu. Breytingu á friðlýsingartexta var aldrei þinglýst, sbr. ljósrit af skjali frá sýslum.*

**Aðalból.** I) *a. Forn tóft, sem er góðan kipp utar en Faxahamar, á fögrum bala milli djúpra jarðfalla, um 80 föðmum frá Hlíðinni.*
*b. Fornar haugsleifar, 70-80 föðmum fyrir utan bæinn. c. "Útibúr Hrafnkels", forntóft ein, sem svo er kölluð, í túninu fyrir ofan bæinn. d. Forn bæjarveggur, er sjest að húsabaki, rjett fyrir ofan efsta hús bæjarins.* Sbr. Árb. 1893: 38-42. *e. Rústir hins forna eyðibýlis Sámsstaða, í Glúmsstaðadal, norðaustan við ána.* Sbr. Bruun 1928: 172-173 (með uppdrætti). Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 10.07.1931. II) *Tættur, skammt utan við svokallaða Faxamýri í Hrafnskelsdal og góðan spöl innan við Faxagil.* Skjal undirritað af ÞM 30.09.1985. Þinglýst 17.03.1986. III) *a. Tóftir fornbýlisins Laugarhúsa, á fögrum velli gegnt Aðalbóli. b. Rústir Tobbhóls, (o: Þorbjarnarhóls), á sama svæði.* Sbr. Kålund 1879-1882: 218-219; Árb. 1893: 37; Bruun 1928: 173 (með uppdrætti). Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 10.07.1931.[79]

**Brattagerði.** *Bæjarrúst forn við Hölkná, upp með henni að utanverðu, skamt frá veginum, vestan undir háum mel.* Sbr. Árb. 1893: 45. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 10.07.1931.

**Brú.** *Allar gamlar mannvistarleifar í Hvannalindum í Krepputungu, kofarústir og fjárrétt, sem taldar eru frá byggð útilegumanna.* Skjal undirritað af ÞM 18.12.1969. Þinglýst 29.12.1969.

**Eiríksstaðir.** *"Fjárskaðasteinn", stór jarðfastur steinn á Hólahorni fremra, holti utan við bæinn, með höggvinni áletrun: F. SKADIN M/1868 D. 15-19/0. PP.* Skjal undirritað af ÞM 30.09.1985. Þinglýst 17.03.1986.

**Hofteigur.** *Hoftóft og fleiri fornar tóftir við Teigará í Goðanesi.* Sbr. Safn II: 437-38; Kålund 1879-1882: 214-15; Árb. 1893: 50. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 10.07.1931.

**Möðrudalur.** *Fornbæjarrústir, ónafnkendar, er fundist hafa eigi allskamt norður frá bænum.* Sbr. Kålund 1879-1882: 186. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 10.07.1931.

**Skjöldólfsstaðir.** *Forn haugur í hólma í Stórhólmavatni.* Skjal undirritað af ÞM 30.09.1985. Þinglýst 17.03.1986.

## 7505 FLJÓTSDALSHREPPUR

**Bessastaðir.** *a. Forn tóft, um 60-70 fet á lengd, í litlum, fögrum hvammi útsunnanvert við Bessastaðaá, litlu ofar en hún kemur fram úr gljúfrunum.*[80] Sbr. Árb. 1893: 36. *b. Bessahaugur, svo nefndur, fyrir sunnan túnið.* Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 10.07.1931.

---

[79] *Friðlýst á Vaðbrekku þótt í Aðalbólslandi séu. (Þjms. Könnun um friðlýstar fornleifar. Svar Aðalsteins Aðalsteinssonar, Vaðbrekku).*

[80] *Líklega í landi Hamborgar. (Þjms. Könnun um friðlýstar fornleifar. Svar Andrésar Einarssonar, Bessastöðum).*

**Skriðuklaustur.** *Kirkjugarður með kirkjutóft undir brekkunni við bæjarhúsin á Skriðuklaustri.* Skjal undirritað af ÞM 23.12.1988. Þinglýst 30.12.1988.

## 7506 FELLAHREPUR

**Ekkjufell.** *Fornar tóftir í Freysnesi, á 5 stöðum sem eru skamt hver frá öðrum.* Sbr. Árb. 1896: 25-26 (með uppdrætti); Árb. 1924: 57. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 10.07.1931.

**Ormarsstaðir.** *Ormarshaugur, svo nefndur, skamt frá eyðibýlinu Hlíðarseli.* Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 10.07.1931.

**Dagverðargerði.** *Aflöng tóft fornleg í túninu 33 m löng 5 m breið og hefur verið skilin eftir þegar sléttað var í kringum hana.* Skjal undirritað af KE 18.04.1967. Þinglýst 03.05.1967.

**Vífilsstaðir.** *a. Leifar fornbýlis er Krakagerði heitir, út frá Vífilsstöðum, nokkuð inn frá Krakalæk, í sundi bak við neðsta ás upp frá Lagarfljóti. b. Allar búðatóftir og girðingar á hinum forna Krakalækjarþingstað.*[81] Sbr. Árb. 1893: 47-49. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 10.07.1931.

## 7508 HJALTASTAÐAHREPPUR

**Hrjótur.** *Allar fornar tóftir og girðingar á klettahjalla norðaustan í Sjónarás, milli Hurðarbaksár og Hrjótarvatns, þar sem ætla má að verið hafi Lambanessþingstaður í fornöld.* Sbr. Árb. 1924: 37-39. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 10.07.1931.

## 7509 BORGARFJARÐARHREPPUR

**Bakkagerðiskauptún.** *Rústir eyðibýlisins Bakka.* Sbr. Sveitir II: 384-385. Skjal undirritað af ÞM 08.11.1978. Þinglýst 21.11.1978.

**Hofströnd.** *Forn tóft, að sögn, nálægt bænum, 12 metrar á hvorn veg að stærð.* Sbr. Ant. Tidsskr. 1846-1848: 168; Kålund 1879-1882: 210. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 10.07.1931.

**Njarðvík.** I) *a. Þiðrandaþúfa, svo nefnd, í túninu.* Sbr. Kålund 1879-1882: 208. *b.*

---

[81] *Krakalækjarþingstaður er í landi Heykollsstaða. (Þjms. Drög að spjaldskrá um friðlýstar fornleifar).*

*Austmannaskálatóftir hjá bænum.*[82] Sbr. Safn II: 477. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 10.07.1931.
II) *"Þorragarður", forn vörzlugarður, um 2 km að lengd, frá sjávarbakka ofan við Borg og inn fyrir túnin upp í Kerlingarfjall.* Sbr. Sveitir II: 369. Skjal undirritað af ÞM 08.11.1978. Þinglýst 21.11.1978.

**Ós.** *Fornar nausta- og verzlunarbúðatóftir við Fjarðarós og í hólma fyrir Hafnar-landi.* Sbr. Ant. Tidsskr. 1846-1848: 168; Kålund 1879-1882: 210. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 10.07.1931.[83]

# 7600 SUÐUR-MÚLASÝSLA

## 7601 SKRIÐDALSHREPPUR

**Arnaldsstaðir.** *Forn hringmynduð girðing, um 30 metra að þvermáli, á eyrunum fyrir austan Múlaá.* Sbr. Árb. 1893: 34. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1931. Þinglýst 26.01.1931.

**Vað.** *Rústir á bæjarhól framan við íbúðarhúsið.* Skjal undirritað af ÞM 30.09.1985. Þinglýst 23.10.1985.

**Þingmúli.** *Fornar þingbúðatóftir, sem eru víða um túnið.* Sbr. Árb. 1893: 34; Bruun 1928: 104-105. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 26.01.1931.

## 7602 VALLAHREPPUR

**Hallormsstaður.** *a. Rúst fornbæjarins Atlavíkur; hún er í fagurri brekku mót útsuðri og snýr undan brekkunni.* Sbr. Árb. 1893: 43.
*b. Leifar fornbýlis; þar sem nú heitir Geitagerði; það er innar með fljótinu en Atlavík; er hjer túngirðing forn, meir en dagslátta að stærð, og í henni fornleg bæjarrúst.* Sbr. Árb. 1893: 35. Skjal undirritað af MÞ 24.10.1930. Þinglýst 26.01.1931.

---

[82] *Austmannaskálatóftir eru að öllum líkindum horfnar. (Þjms. Könnun um friðlýstar fornleifar. Svar Sesselju Guðfinnsd., Njarðvík).*
[83] *Friðlýst á jörðina Desjamýri. Minjarnar eru eigi að síður í landi Óss. (Þjms. Könnun um friðlýstar fornleifar. Bréf Sigmars Ingvarssonar, Desjamýri, dags. 15.03.1981, til ÞM).*

**Mjóanes.** *a. Skálatóft mikil og forn, svo sem 50 föðmum fyrir vestan bæinn.* Sbr. Árb. 1893: 45. *b. Túngarður forn og fleiri forn garðlög; m.a. eitt frá túngarðinum ofan að Fljóti.* Sbr. Árb. 1893: 46. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 26.01.1931.

**7603 EGILSSTAÐABÆR**

**Eyvindará.** *a. Upphækkun eða rústabunga þar sem bærinn stóð áður, dálítið neðar en hann er nú, utanvert við götuna, er liggur niður frá bænum.* Sbr. Árb. 1893: 60. *b. Helgahaugur Droplaugarsonar, suðvestur frá bænum, um 13 metra fyrir innan túngarðinn, sem nú er, suður af fjárhústóft, sem stendur á háum hól í túninu, niður frá bænum.* Sbr. Árb. 1893: 60. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 26.01.1930.

**7604 EIÐAHREPPUR**

**Eiðar.** I) *Tvær hringmyndaðar tóftir, fyrir utan túnjaðar.* Sbr. Kålund 1879-1882: 245. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 26.01.1931. II) *Smiðjuhóll, nú kallaður Þórarinshóll, við skólahúsið á Eiðum.* Skjal undirritað af ÞM 30.09.1985. Þinglýst 23.10.1985.

**Hleinargarður.** *Fornar bæjarrústir og leifar af túngarði við Selskletta, fast við gamla þjóðveginn, um 500 m innan við Hleinargarð.* Skjal undirritað af ÞM 07.03.1985. Þinglýst 20.03.1985.

**7605 MJÓAFJARÐARHREPPUR**

**Fjörður.** *Forn kirkjugarður, kringlóttur, í túninu, skamt austur frá bænum.* Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 26.01.1931.

**Skógar.** *Fjárborg á Skógarnesi.* Skjal undirritað af KE 04.02.1965. Þinglýst 11.02.1965.

**7610 FÁSKRÚÐSFJARÐARHREPPUR**

**Berunes.** *Forn bæjarrúst innarlega í landareigninni, upp af svonefndum Blettum, fast neðan við þjóðveginn.* Skjal undirritað af ÞM 15.06.1976. Þinglýst 20.06.1976.

**7614 BERUNESHREPPUR**

**Gautavík.** *Allar búðatóftir í Búðavík, báðum megin við Búðaá, og eru það einkum tvær búðaþyrpingar, sín hvorum megin við ána, ein einnig niðri á sjávarbakkanum austan við ána.* Skjal undirritað af KE 21.09.1964. Þinglýst 18.11.1964.

## 7615 BÚLANDSHREPPUR

**Háls.** *Djáknadys, stór grjótdys rétt neðan við veginn innan við Rauðuskriðu, utan undir svonefndri Ytri-Sandbrekku.* Skjal undirritað af KE 21.09.1964. Þinglýst 18.11.1964.

## 7616 GEITHELLNAHREPPUR

**Flugustaðir.** I) *"Völuleiði", svo nefnt, nálægt bænum.* Sbr. Kålund 1879-1882: 263. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 26.01.1931. II) *Nausttóft, fornleg og óglögg, kölluð Þangbrandshróf, innanvert við snös þá við Vogana, er Þangbrandsbryggja er kölluð.* Sbr. Árb. 1893: 32. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 26.01.1931.[84]

**Hof.** *Forn grjótrúst efst uppi á Goðatindi.* Sbr. Kålund 1879-1882: 263.

**Múli I.** *Skálatóft svonefnd í túninu suðaustur frá bænum.* Skjal undirritað af ÞM 05.04.1972. Þinglýst 10.04.1972.

**Papey.** *"Papatóft" eða "papatóftir", svo nefndar, við Írskahól, austan á eynni.* Sbr. Kålund 1879-1882: 265. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 26.01.1931.

**Þvottá.** *a. "Tjaldstæði Þangbrands", er svo kallast, ferhyrnd girðing fyrir neðan túnið. b. Túngarðsbrot fornt fyrir neðan "tjaldstæðið".*[85] *c. Tóftar-upphækkun forn, sem er í túninu fyrir ofan "tjaldstæðið".* Sbr. Árb. 1893: 31. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 26.01.1931.

---

[84] *Friðlýst á jörðina Starmýri, sbr. bréf sýslum., dags. 02.07.1990, og ljósrit af skjali frá honum. Leiðrétting kemur fram á eintaki Þjms. en henni var aldrei þinglýst. Þangbrandshróf er eigi að síður í landi Flugustaða en hins vegar tilheyrir Þangbrandsbryggja Starmýri. (Uppl. Snorra Guðlaugssonar, Starmýri; Þjms. Drög að spjaldskrá um friðlýstar fornleifar).*

[85] *Í neðanmálsgrein á skjalinu vísar MÞ í bréf sitt frá 10.05.1939. Í bréfinu, sem stílað er á Antoníus Sigurðsson, Þvottá, er gefin heimild til að lækka túngarðsbrotið, en jafnframt tekið fram að ekki megi jafna það við jörðu. Tilvísun í Árb. er breytt á skjali, úr bls. 39 í bls. 31, en leiðréttingunni var aldrei þinglýst, sbr. ljósrit af skjali frá sýslum.*

# 7700 AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLA

## 7701 BÆJARHREPPUR

**Bær.** *Leifar forns nausts, niður undan bænum, við sjóinn.* Sbr. Árb. 1893: 32. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 25.06.1931.

**Stafafell.** *Leifar fornbýlisins Böðvarsholts á Nautholti fyrir vestan Jökulsá við sjóinn.* Sbr. Kålund 1879-1882: 269. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 25.06.1931.[86]

**Syðri-Fjörður.** *Papatættur, rústir sem svo nefnast í Papósklifum.* Skjal undirritað af KE 18.10.1966. Þinglýst 26.10.1966.

## 7704 MÝRAHREPPUR

**Borg.** *Leifar af kringlóttri tóft, sem kallast Goðaborg, á Borgarkletti.* Sbr. Kålund 1879-1882: 274. Skjal undirritað af MÞ 27.06.1931. Þinglýst 27.06.1931.

## 7705 BORGARHAFNARHREPPUR

**Borgarhöfn.** *Leifar gamalla verbúðatófta, við sjóinn, upp frá Hálsaskerjum.* Sbr. Kålund 1879-1882: 275. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 27.06.1931.

**Breiðabólsstaður.** *Hrollaugshaugur, svo nefndur, í Hrollaugshólum, norðvestur frá bænum.*[87] Sbr. Kålund 1879-1882: 277. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 27.06.1931.

## 7706 HOFSHREPPUR

**Hnappavellir.** *a. Rústir eyðibýlisins Húsavíkur, við lón nokkurt, sem þar er austur frá við sjóinn. b. Rúst fornbæjar Hnappavalla, nokkru fyrir vestan bæinn, sem nú er.*[88] Sbr. Kålund 1879-1882: 287.

---

[86] *Bæði í landi Stafafells og Brekku. (Þjms. Drög að spjaldskrá um friðlýstar fornleifar).*

[87] *Árið 1971 er haugurinn sagður eyddur af læk fyrir löngu. (Þjms. Drög að spjaldskrá um friðlýstar fornleifar).*

[88] *"Ath. Á hvorugum þessum stað vottar fyrir rústum og er hér aðeins um munnmæli að ræða. Hér hefur ekki heldur vottað fyrir neinum mannvirkjum, þegar friðlýsingin var gerð. 5.5.'52." (Þjms. Drög að spjaldskrá um friðlýstar*

Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 29.06.1931.

**Hof.** *a. "Kárahróf", svo nefnt, forn nausttóft á Ingólfshöfða. b. Verbúðartóftir fjórar, uppi á Ingólfshöfða*. Sbr. Kålund 1879-1882: 288. *c. "Sýruker", svo nefnt, höggvið í móklöpp; innanmál 1,63 met. x 1,32 m.; dýpt rúml. 1 m*. Sbr. Andvara 1895: 61. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 29.06.1931.

**Skaftafell I.** Gamli bærinn í Seli, svo og tvær gamlar heyhlöður með ásþaki sem standa neðanvert við hann. Tekið á fornleifaskrá með bréfi menntamálaráðuneytisins 18.05.1972. Ekki þinglýst.[89]

# 8500 VESTUR-SKAFTAFELLSSÝSLA

## 8508 MÝRDALSHREPPUR

**Garðar.** *1. Rústir eyðibýlisins Hella, austur af háhrygg Hellnaskaga. 2. Bæjarhellir (Baðstofuhellir) sunnan í Hellnaskaga, með höggnu útskoti og kroti á hellisveggjunum, þar sem sr. Jón Steingrímsson bjó veturinn 1755-1756*. Sbr. Jökul 1981: 74-76;[90] Jón Steingrímsson 1913-1916: 105. Skjal undirritað af ÞM 15.12.1983. Þinglýst 28.12.1983.

**Hjörleifshöfði.** *Dys Hjörleifs, uppi á höfðanum, þar sem hann er hæstur*. Sbr. Árb. 1909: 19. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 06.06.1931.

**Loftsalir.** *Loftsalahellir, hinn forni þingstaður Dyrhólahrepps og Gálgaklettur vestanvið hamarinn, sem hellirinn er í.* Skjal undirritað af ÞM 05.11.1984. Þinglýst 15.11.1984.

**Norður-Hvammur.** *Hellir, er Moldi heitir, fyrir sunnan túnið; hann er að innanverðu mannaverk*. Sbr. Árb. 1909: 23. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 06.06.1931.

**Reynisdalur.** *Forn kringlótt girðing, nál. 5 fðm. í þvermál, en þó óglögg; hún er á kringlóttum hól fyrir ofan túnið*. Sbr. Árb. 1909: 21. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Ekki þinglýst.[91]

**Sólheimar.** *Gömul bæjarrúst, þar sem heitir Bæjarstaður (eða Fornu-Sólheimar), í dálitlu dalhvarfi sunnaní Sólheimanesi. Inn úr dalhverfinu ganga tvær lautir og er bæjarrústin framaní balanum á*

---

*fornleifar; sbr. einnig Könnun um friðlýstar fornleifar. Svar Páls Þorsteinssonar, Hnappavöllum).*

[89] *Uppl. sýslum. 28.09.1990.*

[90] *Ekki Jökull 1982 eins og segir á skjali.*

[91] *Ógild friðlýsing, sbr. bréf sýslum. 06.07.1990 og 26.09.1990. Neðst á skjalið (eint. Þjms.) er rituð eftirfarandi athugasemd: "Falli niður. Hjer eru engar mannvistarleifar. Matth. Þórðarson."*

*milli þeirra*. Sbr. Árb. 1909: 21-22. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 05.06.1931.

**Stóra-Heiði.** *a. "Loddahellar", svo nefndir, þrír saman, í berginu fyrir innan túnlækinn. b. "Loddapollur", er svo heitir, kringlótt dæld með þúfu í miðju, suður í túninu, og er nær 5 faðma í þvermál.*[92] Sbr. Árb. 1909: 22. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 06.06.1931.

**Þórisholt.** *a. Þórishaugur, svo nefndur, norður í túninu, eigi alllítill og að ofan eins og samanfallinn, með þúfu í miðju.*
*b. Íluhaugur, svo nefndur, suður á túninu; hann er að öllu útliti mjög líkur Þórishaug, en talsvert minni*. Sbr. Árb. 1909: 21. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 06.06.1931.

## 8509 SKAFTÁRHREPPUR

**Búland.** *a. Fornar tóftir Erlendsstaða, sunnantil austan í Þorleifsstaðafjalli*. Sbr. Árb. 1909: 16. *b. Hróðnýjarrústir, í halllendi mót suðri fyrir sunnan Rjettarfell*. Sbr. Árb. 1909: 16. *c. Dysjar við Granagil, að sunnanverðu við Meltunguá*. Sbr. Árb. 1895: 16-42; Árb. 1909: 18 (með uppdrætti). Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 01.06.1931.

**Foss III.** *Akurgirðingar miklar, fornar, í brekkunni vestur frá bæjarlæknum*. Sbr. Árb. 1909: 10. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 28.05.1931.[93]

**Hemra.** *Fornrústir og forn garðlög sunnanundir Hemruhól.* Skjal undirritað af MÞ 25.10.1931. Þinglýst 01.06.1931.

**Holt.** *Rústir fornbýlisins Böðmóðstungu; þær eru svo sem stekkjarvegi fyrir vestan bæinn, á bala milli lækja tveggja niður undir Skaftá*. Sbr. Árb. 1909: 11-12 (með uppdrætti). Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 29.06.1931.

**Hrífunes.** I) *Allar rústir á svonefndri Hestatorfu, sem er á tanganum milli Krákugils og Kötlugils.* Skjal undirritað af KE 18.10.1966. Þinglýst 26.10.1966. II) *Grónar tóftir af aflöngu húsi (skála?) og stórum hring nyrzt á svokölluðu Langarofi, beint austur af háum hól, Lambhúshól, sem aftur er beint austur af Hrífunesbæjum þar sem þeir eru nú (1981).* Skjal undirritað af ÞM 16.12.1981. Þinglýst 05.01.1982.

**Kirkjubær.** *Rústir Kirkjubæjar, þar sem bærinn stóð áður*. Sbr. Árb. 1894: 20. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 29.05.1931.

**Leiðvöllur.** *Búðarrústir á hinum forna Leiðvallarþingstað, sem er í fagurri dalhvilft við Kúðafljót,*

---

[92] *Fyllt var upp í Loddapoll um 1950 og er ekki lengur kunnungt um staðsetningu hans. (Þjms. Könnun um friðlýstar fornleifar. Svar Hermanns Árnasonar, Stóru-Heiði).*

[93] *Friðlýst á jörðina Foss. Minjarnar eru nú í landareign Foss III. (Þjms. Könnun um friðlýstar fornleifar. Svar Hermanns Árnasonar, Stóru-Heiði).*

*vestur frá bænum. Liggur gata frá honum að Fljótinu um sunnanverða hvilftina, og eru flestar búðartóftirnar fyrir norðan þá götu.*[94] Sbr. Árb. 1894: 16-18 (með uppdrætti). Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 30.05.1931.

**Núpsstaður.** *Gamalt bænahús með garði í kring.* Sbr. Árb. 1909: 9; Bruun 1928: 383-384. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 28.05.1931. Aftur tekið á fornleifaskrá með bréfi menntamálaráðuneytisins 28.03.1961. Ekki þinglýst.[95]

**Rauðaberg.** *a. Rústaleifar eyðibýlisins Lundar, á hraunhól langt ofan með Djúpá. b. Forn rúst í nál. miðjum suðausturjaðri Rauðabergshrauns, hjá hól þeim, er Rofhóll kallast.* Sbr. Árb. 1910: 28-32; Bruun 1928: 150-151 (með uppdrætti). Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 28.05.1931.

**Seglbúðir.** *a. Fornar búðatóftir, flestar óglöggar, á 2 uppgrónum hraunnefjum fyrir austan gilið, sem er gljúfragjá inn með túninu að austan. b. Fornir sáðgarðar, sem eru sunnaní 3. og 4. hraunnefinu frá gilinu talið. c. Bæjarrústir þar sem gamli bærinn hefir staðið, vestanundir framendanum á Bæjarkletti, við mynni gilsins.*[96] Sbr. Árb. 1909: 6-8 (með uppdrætti). Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 29.05.1931.

**Skaftárdalur.** *Rústir fornbýlisins Leiðólfsfells, sunnanundir fellinu austantil.* Sbr. Árb. 1909: 13-14 (með uppdrætti). Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 29.05.1931.

**Ytri-Dalbær.** *Allar minjar um byggingar, þar sem Dalbær stóð, áður en Eldhraunið grandaði honum 1783.* Skjal undirritað af KE 18.10.1966. Þinglýst 26.10.1966.

**Þykkvabæjarklaustur.** I) *Tóftir þær í túninu, sem kallast Fornufjós.* Skjal undirritað af KE 25.09.1957. Þinglýst 08.10.1957. II) Gamalt sauðahús; tekið á fornleifaskrá með bréfi menntamálaráðuneytisins 04.02.1974. Ekki þinglýst.[97]

# 8600 RANGÁRVALLASÝSLA

## 8601 AUSTUR-EYJAFJALLAHREPPUR

**Hrútafell.** *Hrútshellir.* Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

---

[94] *"Allt eyðilagt af uppblæstri." (Þjms. Drög að spjaldskrá um friðlýstar fornleifar).*
[95] *Uppl. sýslum. 28.09.1990. Síðari friðlýsing ógild (hin fyrri er enn í fullu gildi).*
[96] *Minjar undir lið a-b hafa verið sléttaðar út. (Þjms. Drög að spjaldskrá um friðlýstar fornleifar).*
[97] *Bréf sýslum. 26.09.1990.*

**Hörðuskáli.** *Bæjarhóllinn þar sem áður stóð bærinn Hörðuskáli, sem í eyði fór rétt eftir 1700.* Skjal undirritað af KE 06.05.1966. Þinglýst 26.05.1966.

**Rauðafell II.** *Hellar tveir, samhliða, í fjallshlíðinni austur frá bænum.* Sbr. Árb. 1902: 27. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.[98]

**Steinar.** *Steinahellir, fast við þjóðveginn.* Skjal undirritað af ÞM 25.02.1975. Þinglýst 04.03.1975.

## 8602 VESTUR-EYJAFJALLAHREPPUR

**Afréttarland.** *Leifar forna eyðibýlisins Steinfinnsstaða og fornra dysja skamt suður frá þeim. - Fornleifar þessar eru á svo-nefndri Kápu á Almenningum, norðan við Þröngá.* Sbr. Árb. 1907: 17; Árb. 1925-1926: 49-51. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

**Fitjar.** *Stór aflangur grasigróinn hóll í túninu, skammt vestur frá bæ, sunnan við Fitjarál. Þarna hefur bærinn staðið um aldir, en verið færður þaðan ekki seinna en á 17. öld.* Skjal undirritað af KE 18.10.1966. Þinglýst 15.11.1966.

**Seljaland.** *1. Hoftóftarleifar í Hofstorfu, austur og upp frá bænum.* Sbr. Árb. 1888-1892: 36-37. *2. Hellar þrír manngjörvir í hörðum þursabergskletti bakvið bæinn; af einum er fallið ræfrið.* Sbr. Árb. 1902: 27-28. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

## 8603 AUSTUR-LANDEYJAHREPPUR

**Leifsstaðir.** *Rústir þær, sem nefnast Fornufjós; þær eru þrjár að tölu, skammt norðan Suðurlandsvegar, ein stór, önnur tvískipt, ein lítil.* Skjal undirritað af KE 18.10.1966. Þinglýst 15.11.1966.

**Voðmúlastaðir.** *1. Leifar Gamla-Vorsabæjar ásamt rauðablásturs-minjum í nánd.* Sbr. Árb. 1900: 2; Aarb. 1926: 157-161. *2. Leifar tveggja gamalla sáðgarða, og þriggja kringlóttra smátófta í nánd, í Vorsabæjarvelli, nær honum miðjum. Ennfremur gamlir vatnsveitustokkar, margir og langir, sem liggja eftir endilöngum vellinum, ásamt mörgum fornum stíflum í farveginum.* Sbr. Árb. 1900: 2-3. Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 21.12.1929.

**Vorsabær.** *1. Leifar Gamla-Vorsabæjar ásamt rauðablástursminjum í nánd.* Sbr. Árb. 1900: 2;

[98] *Friðlýst á Raufarfell eystra. Minjarnar hafa verið í landi Rauðafells II frá um 1970. (Uppl. Ástþórs Tryggvasonar, Rauðafelli).*

Aarb. 1926: 157-161. *2. Leifar tveggja gamalla sáðgarða, og þriggja kringlóttra smátófta í nánd, í Vorsabæjarvelli, nær honum miðjum. 3. Ennfremur gamlir vatnsveitustokkar, margir og langir, sem liggja eftir uppgrónum lækjarfarvegi eftir endilöngum vellinum, ásamt mörgum fornum stíflum í farveginum.* Sbr. Árb. 1900: 2-3. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

## 8604 VESTUR-LANDEYJAHREPPUR

**Bergþórshvoll.** *1. Bæjarstæðið gamla með jarðfólgnum leifum frá Njáls-brennu.* Sbr. Árb. 1888-1892: 43-45, 64-66. *2. Gamlar ekrur, er nefnast Línakrar, 6 saman og 2 gróðrarreitir að auki. Eru nálægt Fíflholts-landamærum og skamt frá Affallinu.* Sbr. Árb. 1900: 4. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

**Ey I-II.** *Fornar tóftir og garðlög vestan við Fljótsbotna.* Sbr. Árb. 1927: 6-9. Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 21.12.1929.[99]

## 8605 FLJÓTSHLÍÐARHREPPUR

**Afréttarland.** *1. Leifar forna eyðibýlisins Þuríðarstaða á Þórsmörk.* Sbr. Árb. 1907: 20. *2. Bólstaða-rústaleifar. Þær eru suður frá Einhyrningi, við læk þann er fellur ofan hjá Hrútholti,*[100] *sunnanmegin.* Sbr. Árb. 1886: 57-58. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

**Árkvörn.** *"Hólmfríðarkapella", hússtæðið sjálft og klöppin sem það stendur á, í hlíðinni milli Eyvindarmúla og Árkvarnar.* Sbr. Árb. 1982: 107-109. Skjal undirritað af ÞM 10.10.1985. Þinglýst 04.11.1985.

**Grjótá.** *Þráinsgerði, umgirtur ferhyrndur reitur, uppi við túngarðinn.* Sbr. Árb. 1888-1892: 42. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

**Kirkjulækur.** *Rústir undir Þríhyrningi suðaustanmegin; eru þar seljatóftir ofan á fornum bæjartóftum.* Sbr. Árb. 1902: 3. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

**Vatnsdalur.** *Hellir manngjörður, inn-undir Fiská.* Sbr. Árb. 1905: 53-54. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

---

[99] *Friðlýst á Eyjar (Ey I-III) enda eru minjarnar í óskiptu landi jarðanna, eða í s.k. Sandgirðingu. Ey III heitir nú Eyland. (Uppl. Guðfinnu Helgadóttur frá Ey I, Njálsgerði 10, Hvolsvelli).*

[100] *Hrútkollur mun vera réttara. (Þjms. Könnun um friðlýstar fornleifar. Svar Oddgeirs Guðjónssonar, Tungu).*

## 8606 HVOLHREPPUR

**Efri-Hvoll.** *1. Hellar þrír manngjörvir í útnorðurbakka Hvolslækjar, austur frá bænum.* Sbr. Árb. 1905: 55. *2. Sáðreitir, fornir í hárri brekku, suðaustan í Íraheiði, niður með Þórunúpslæk*[101] *að vestan.* Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 21.12.1929.

**Þórunúpur.** *Hellar tveir saman, manngjörvir, í brekku norðan við Þórunúpslæk, all-langt austur frá bænum.* Sbr. Árb. 1905: 54. Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 21.12.1929.

## 8607 RANGÁRVALLAHREPPUR

**Gaddastaðir.** *Hellar tveir manngjörvir í útsuður og landsuður frá bænum, ekki fjarri.* Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

**Helluvað.** *Hellar fjórir manngjörvir; er einn í túninu útsuður frá bænum, en þrír eru inn-við Rangá.* Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

**Keldur.** *1. Rústir eyðibýlanna Tröllaskógs, Landgils, Melakots og Keldnakots.* Sbr. Árb. 1898: 19-22. *2. Leifar fornra, uppblásinna dysja, skamt fyrir vestan Rangá eystri.* Sbr. Árb. 1892: 48. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

**Rauðnefsstaðir.** *Gömul gerði og tóftir austanmegin Fiskár gegnt bænum og nokkru austar og ofar.* Sbr. Árb. 1905: 56-57. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

**Reyðarvatn.** *Rústir Austasta Reyðarvatns á Kongshól.* Sbr. Árb. 1898: 18. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

**Reynisfell.** *Holts-rúst sunnaní Reynisfells-öldu.* Sbr. Árb. 1898: 23-24. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

**Stóra-Hof.** *1. Bæjarrústir gamlar í graslendisbrúninni uppi við sandinn fyrir ofan bæinn. 2. Hoftóft forn, rjett fyrir norðan svo-nefnda Goðalág, austur frá bænum, austur á brekkunni.* Sbr. Árb. 1888-1892: 50-53. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.
**Vestri-Geldingalækur.** *Hellir manngerður í hól í túninu, sunnan við bæinn.* Sbr. Árb. 1900: 5-7. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

**Þingskálar.** *Þingbúðarústir fornar, flestar (um 40) í túninu hjer og þar, en nokkrar utan túns,*

---

[101] *Mun eiga að vera Þórunúpsgil. (Þjms. Könnun um friðlýstar fornleifar. Svar Ingunnar Óskar Sigurðardóttur, Efra-Hvoli).*

*vestan og norðan og milli Þingskála-og Kaldbaks-túna.* Sbr. Árb. 1888-1892: 54-60. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

**Þorleifsstaðir.** *1. Hellir manngerður skamt fyrir innan bæinn, í gljúfursbrún við Fiská.* Sbr. Árb. 1905: 52-53. *2. Sáðgirðingar tvær fyrir neðan túnið, samfastar. 3. Vatnsveituminjar á Veitu og Harðavelli norðanundir Þríhyrningi. 4. Hrappstaða-rústir í Hrappstaða-nesi (Smiðju-nesi) norðanmegin Fiskár, móti norðurhorni Þríhyrnings.* Sbr. Árb. 1898: 22-23. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

## 8608 LANDMANNAHREPPUR

**Afréttarland.** *Merkihvols-rústir inar fornu. Þær eru um 4,3 km. landnorður frá bænum, við veginn upp með Rangá Ytri að vestan.* Sbr. Fjórðungsbl. 57 s.v.[102] Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 21.12.1929.

**Bjalli.** *Fornar girðingar, er kallast Akurgarðar, ofanvert við Lækjarbotnalæk.* Sbr. Árb. 1898: 8. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

**Efra-Sel.** *Fornar girðingar, er kallast Akurgarðar, ofanvert við Lækjarbotnalæk.* Sbr. Árb. 1898: 8. Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 21.12.1929.

**Eskiholt.** *Rústir hinna fornu eyðibýla Síðuness og Eskiholts. Síðuness-rústir eru suðvestaní hraunbrúninni fyrir innan gamla Eskiholt en Eskiholts-rústir eru á grjóthrygg, sem gengur vestur úr suðurendanum á Eskiholts-bjalla.* Sbr. Árb. 1907: 26-27. Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 21.12.1929.

**Fellsmúli.** *Fornar tóftir, 10 að tölu, við Stóru-Valla-læk; þar hjet Hólmengi.* Sbr. Árb. 1907: 27. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

**Flagbjarnarholt.** *Þingbúðatóftir og önnur forn mannvirki á hinum forna Þingholts-þingstað.* Sbr. Árb. 1888-1892: 60-61; Árb. 1898: 9 (með uppdrætti). Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

**Galtalækur.** *Merkihvols-rústir hinar fornu. Þær eru um 4,3 km. landnorður frá bænum, við veginn upp með Rangá ytri að vestan.* Sbr. Fjórðungsbl. 57 s.v.[103] Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

**Hella.** *Hellar manngjörvir skamt fyrir norðan bæinn og norður á túninu.* Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

---

[102] *Ekki blað 54 s.v. eins og segir á skjali. Sama og Galtalækur.*
[103] *Ekki blað 54 s.v. eins og segir á skjali.*

**Hrólfsstaðahellir.** *1. Hellar tveir manngjörvir skamt fyrir austan bæjarhúsin. 2. Rústir Hrólfsstaða. Þær eru vestur á hraunbrúninni, 2¼ km. frá bænum.* Sbr. Árb. 1898: 8. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

**Hvammur.** *Rústir Árbæjar hins forna. Þær eru í 4 stöðum á króknum við Þjórsá fyrir ofan Ölmóðsey.* Sbr. Árb. 1898: 1-2. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

**Klofi.** *Bæjar- og kirkjurústir Stóra-Klofa.* Sbr. Árb. 1898: 4-5. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

**Lúnansholt.** *1. Lúnanshóll; smáhóll í laut niðri í túninu.* Sbr. Árb. 1888-1892: 61-62. *2. Forntóft mikil sunnanundir svonefndum Skrokkhól.* Sbr. Tímarit JP II: 93-94. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

**Neðra-Sel.** *Fornar girðingar, er kallast Akurgarðar, ofanvert við Lækjarbotnalæk.* Sbr. Árb. 1898: 8. Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 21.12.1929.

**Skarð.** I) *Rústir hinna fornu eyðibýla Síðuness, Eskiholts og hjá Grænuflöt norðaustanundir Skarðsfjalli. Síðuness-rústir eru suðvestan í hraunbrúninni fyrir innan gamla Eskiholt, en Eskiholts-rústir eru á grjóthrygg, sem gengur vestur úr suðurendanum á Eskiholtsfjalli.* Sbr. Árb. 1898: 3-4; Árb. 1907: 26-27. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927. II) *Rústir fornar hjá Grænuflöt, norðaustan-undir Skarðsfjalli.* Sbr. Árb. 1898: 3-4. Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 21.12.1929.

**Skarfanes.** *Skarfaness-rústir hinar fornu. Þær eru við upptök lækjar þess er afmarkar Skarfaness-land.* Sbr. Árb. 1907: 27-28. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

**Snjallsteinshöfði.** *Steinn og höggvin bandrún á; stendur uppi á höfðanum.* Sbr. Árb. 1888-1892: 62. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

**Stóru-Vellir.** *Bæjar-, kirkju-, og kirkjugarðsminjar, á Stóru-Völlum eldri.* Sbr. Árb. 1898: 2. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

## 8609 HOLTAHREPPUR

**Afréttarland.** *Rúst Eyvindarkofa í Eyvindarveri.* Skjal undirritað af ÞM 12.03.1984. Þinglýst 10.01.1984.

**Akbraut.** *Kirkju- og kirkjugarðsleifar í Gamla-Akbrautarholti.* Sbr. Árb. 1898: 26. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

**Árbæjarhellir.** *Hellir manngjör rjett fyrir vestan bæjarhúsin.* Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

**Brekkur.** *Hellar tveir manngjörvir í brekku austaní túninu og er gangur milli þeirra.* Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

**Guttormshagi.** *Borgar-fornleifar, túngirðing og bæjarrústir suðvestanundir Borgarfelli, norðaustur frá bænum.* Sbr. Árb. 1898: 27. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

**Litla-Tunga.** *Hellar manngjörvir fyrir austan bæinn.* Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

**Lýtingsstaðir.** *Hellar tveir manngjörvir, gamlir.* Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

**Meiri-Tunga.** *Hellar tveir manngjörvir, gamlir, fyrir landsunnan bæinn í hæð, er nefnist Hellishóll.* Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

**Pula.** *Rústir Gömlu-Pulu, í móabrekku norðanvert við tjörn, sem er vestanundir Puluhólum.* Sbr. Árb. 1898: 25-26. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

**Skammbeinsstaðir.** *Rústir eyðibýlisins Vakursstaða, ásamt réttarrúst skammt frá.* Sbr. Árb. 1898: 27; Jarðabók I: 321. Skjal undirritað af ÞM 21.10.1968. Þinglýst 05.11.1968.

**Þjóðólfshagi.** *Hellar þrír manngjörvir, gamlir; einn er rjett útsunnan við bæinn; annar er heima á túninu rjett fyrir vestan bæinn; þriðji er á svonefndu Stekkjartúni, í útsuður frá bænum.* Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

## 8610 ÁSAHREPPUR

**Ás.** *Hellar manngjörvir, fornir, við bæinn (einn), í svonefndu Stakkatúni (tveir), í smáhól skamt fyrir norðvestan það (einn), austur á heimatúninu (einn) og í hólnum norðvestur frá bænum (einn mikill sauðahellir með afhelli fyrir hey).* Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

**Bakki.** *Rústir Efsta-, Mið- og Syðsta Bakka á sandinum fyrir ofan Hólsá.* Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

**Berustaðir.** *Hellar tveir manngjörvir fyrir vestan bæinn.* Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

**Hellatún.** *Hellar manngjörvir, fornir, 2 í túninu rjett fyrir norðan bæinn, einn milli þeirra og*

*bæjarins, 2 og 1 smágjögur í bala, sem er fyrir norðvestan túnið.* Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

**Sel.** *1. Hellir manngjörður, rjett útnorðanundir bænum. 2. Rústir Jólgeirsstaða í suðvesturendanum á Selsandi (Jólgeirsstaðasandi).* Sbr. Árb. 1898: 24-25. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

**Ægissíða.** *Hellar manngerðir, fornir, 12 að tölu, við bæinn og í grendinni.* Sbr. Árb. 1900: 7; Fjallkonuna 1905: 41-42. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.

# 8700 ÁRNESSÝSLA

## 8701 GAULVERJABÆJARHREPPUR

**Arnarhóll.** *Hellar þrír manngjörvir; eru tveir þeirra rjett fyrir norðaustan bæjarhúsin, en hinn þriðji er í vestur frá bænum í svo-nefndum Harðhaus, bungu í túninu.* Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Efri-Gegnishólar.** *Hellar þrír manngjörvir; einn er heyhellir mikill fyrir austan bæ, í túninu, annar er fjárhellir mikill í nátthaga fyrir austan túnið; hinn þriðji er nú að mikli leyti hruninn; hann er fyrir vestan nátthagann, sunnan við götuna til bæjar.* Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Fljótshólar.** *Leifar Elstu-Fljótshóla, grjótbrúða þar sem Bátsmelur heitir, og leifar Fornu-Fljótshóla, uppgróin rúst, suður frá túninu, í stefnu á Bátsmel, en hálfu nær bænum.* Sbr. Árb. 1907: 29. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Gegnishólar.** *Rústir Timburhóls, eyði-hjáleigu norður í heiðinni, ásamt fornum túngarði þar.*[104] Sbr. Árb. 1905: 4. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Gegnishólapartur.** *Hellir forn, manngerður, fyrir norðan bæinn, í túninu.* Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Haugur.** *Hellar þrír manngjörvir; er einn norðvestanvert við bæjarhúsin, heyhellir; annar er austur á túninu, í hól í hinu svonefnda Norðurtúni; var sá fjárhellir; hinn þriðji er fyrir sunnan*

---

[104] *"Jafnað út með jarðýtu í júlí 1976, vegna ókunnugleika ábúenda." (Þjms. Drög að spjaldskrá um friðlýstar fornleifar).*

*hann í hól í Austurtúninu og er fjárhellir.* Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Hellar.** *Hellir manngerður, suðvestur frá bænum, í túninu.* Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Hellahjáleiga.** *Hellar tveir, fjárhellar, í hól suðaustur frá bænum.* Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Hólshús.** *Hellir manngerður; notaður nú að nokkru leyti til að geyma í jarðepli.* Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Ragnheiðarstaðir.** *Strýtu-Ragnheiðarstaðir og Fornu-Ragnheiðarstaðir, tvennar bæjarrústaleifar, frammi á sandöldunni og í uppblæstrinum fyrir ofan ölduna.* Sbr. Árb. 1905: 3. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Seljatunga.** *Hellir, manngerður fjárhellir, í suður frá bæjarhúsum.* Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Syðri-Gegnishólar.** *Hellir manngerður í hólrana fyrir norðan bæinn.* Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

## 8702 STOKKSEYRARHREPPUR

**Skip.** *Leifar Hásteins-haugs, Ölvis-haugs, Atla-haugs og Hrafns-haugs við Barnaness-vað (áður Haugavað).* Sbr. Árb. 1882: 47-52; Árb. 1900: 29. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

## 8703 EYRARBAKKAHREPPUR

**Óseyrarnes.** *Hin gömlu bæjarstæði Drepstokks og Óseyrarness, sem standa nærri hvert öðru norðvestur frá kauptúninu Eyrarbakka, vestur undir Ölfusá.* Skjal undirritað af ÞM 28.07.1981. Þinglýst 12.08.1981.

**Skúmsstaðir.** *Forn samfelld bæjartóft með grastorfu að ofan, þar sem nú kallast Gónhóll. Liggur sjógarðurinn um hólinn framanverðan, framundan Garðbæjarhúsinu.* Sbr. Árb. 1905: 13. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

## 8706 HRAUNGERÐISHREPPUR

**Hellir.** *Hellar tveir manngjörvir, annar við bæinn, heyhellir nú, hinn suður frá bænum, nú fjárhellir.* Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**8707 VILLINGAHOLTSHREPPUR**

**Hróarsholt.** *Rústaleifar Hróarslækjar. Þær eru í uppblæstri á suðurbakka Hróarslækjar, gegnt Læk í Hraungerðishreppi.* Sbr. Árb. 1905: 20-21. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Kampholt.** *Hellar þrír, hver hjá öðrum, fyrir norðan túnið og enn nokkrir suðvestur í túninu í rana þeim sem er fyrir vestan bæinn.* Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Kolsholt.** *1. Hellir manngjörður, austan í holti því, sem er fyrir austan túnið. 2. Leifar af helli fornum, manngerðum, er kallast Dimmi-hellir; er hann að sumu leyti hruninn og bergloft tvö eftir, en að sumu leyti luktur.* Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Kolsholtshellir.** *Hellir manngjörður norður frá bænum, í hól í túninu.* Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Skálmholt.** *Dælaréttir hinar fornu.* Skjal undirritað af ÞM 25.02.1975. Þinglýst 16.06.1977.

**Urriðafoss.** *1. Fornt mannvirki úr grjóti og varða á, nefnd Virkisvarða, á norðausturhorni hæðar, sem kallast Fossvirki, fyrir vestan Fosslæk, gegnt bænum. 2. Garðlag fornt, er liggur suðureftir allri brún Fossvirkis, frá Virkisvörðu, hverfur fyrir sunnan Virkisendann, en kemur aftur í ljós á móaholti fyrir sunnan lægð þá, er Leynir heitir og heldur þaðan sömu stefnu til Þjórsár.*
*3. Rústabunga austan í Virkis-brekkunni.* Sbr. Árb. 1900: 29-31. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Önundarholt.** *Önundarleiði, svo nefnt og svipaðar þúfur umhverfis, á móabrún við mýri fyrir norðaustan túnið.* Sbr. Árb. 1882: 55; Árb. 1905: 23. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**8708 SKEIÐAHREPPUR**

**Afréttarland.** *Rústir fornra eyðibýla í Skeiðaafrjetti, miðhluta Þjórsárdals: Fossárdals-rúst; Rauðukamba-rúst. Rústir Lóþræla tveggja, Bergálfsstaða, Sandatungu, og Lambhöfðarúst.* Sbr. Árb. 1885: 48-54; Árb. 1897: 21. Skjal undirritað af MÞ 20.06.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Fjall.** I) *Hoftóftar-leifar á hjallabrún við efri túnjaðar, hjá klettum, er kallast Hafklettar.* Sbr. Árb. 1894: 9-10. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.
II) *Gvendarhaugur*[105] *svonefndur, allfyrirferðarmikið holt, sem einhvern tíma hefur verið bær á, um 1500 m fram undan bænum í beina stefnu á Útverk.* Skjal undirritað af KE 18.10.1966. Þinglýst 26.10.1966.

## 8709 GNÚPVERJAHREPPUR

**Afréttarland.** *Rústir fornra eyðibýla í Gnúpverjaafrjetti, austurhluta Þjórsárdals: Sámsstaða, Skeljastaða, Steinastaða, Stangar. Lepparsstaða tveggja og þar sem heita Gjáskógar.* Skjal undirritað af MÞ 20.06.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Árnes (eyja í Þjórsá).** *Hinn svo-nefndi dómhringur í Árnesinu.* Sbr. Árb. 1894: 12-23. Skjal undirritað af MÞ 15.04. 1929. Þinglýst 30.06.1938.

**Ásólfsstaðir.** *Rústir Stórólfshlíðar og Skallakots í Þjórsárdal.* Sbr. Árb. 1884: 46-47. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Fossnes.** *1. Fornar rústir í Sauðhúsdal, garðlög og tóft við Garðabrekku, aflangur hringur og smátóft. 2. Akurreitur lítill í brattri brekku sunnan í Skorhól, suðvestast í túnfæti. 3. Forn tóft, nefnd Goðatóft, austur á túninu.* Sbr. Árb. 1905: 34; Árb. 1894: 10. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Hagi.** *Fornleg bæjarrúst í Þjórsárdal, nefnd Snjáleifartóftir.* Sbr. Árb. 1884-1885: 46. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Hamarsheiði.** *1. Lómsstaða-rúst, í grastorfu milli tveggja gilja, er falla saman og mynda Lómsstaða-læk. 2. Ásaselsrúst, við útfall Lómsstaðalækjar í Tungná.* Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.
**Hof.** *1. Þingbúða-tóftir, um 30 að tölu á Árnesþingstað hinum forna. 2. Fornar rústir fyrir vestan hlaðbrekkuna á Minna-Hofi. 3. Tvö forn garðlög og girðing áföst við hið vestara; þau liggja ofanfrá móahæð fyrir austan túnið á Minna-Hofi ofan að Þjórsá, samhliða og eigi langt á milli. 4. Vatnsveitustokkur forn hjá Stóra-Hofi; hann liggur frá Litla-Hraunsnefi við Kálfá austur að túni.* Sbr. Árb. 1905: 33. Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 30.06.1938.

**Laxárdalur.** *Rústir Miðfells. Þær eru í flötum móa fyrir sunnan djúpt gil, sem er sunnanundir Miðfelli, fast við það.* Sbr. Árb. 1896: 2. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Núpur.** *1. Aðalgarður fyrir neðan túnin og mýrina þar á milli, endar í Hátúni. 2. Girðing, áföst við*

---

[105] *Breytt í Gvendarhóll á eint. Þjms. af skjali. Þinglýst sem Gvendarhaugur, sbr. ljósrit af eint. sýslum.*

*aðalgarðinn fyrir neðan túnið. 3. Garðlagsstúfur fyrir neðan aðalgarðinn vestan við Minna-Núpstún og framhald þess til suðurs frá alfaraveginum að Þjórsá. 4. Garðlög tvö frá veginum við Minna-Núpstún fram að Þjórsá og þvergarður nær túninu milli þeirra. Hið suðvestara er framhald aðalgarðs, en beygist vesturávið. 5. Girðing stór, nefnd Ólafsgerði á hjalla undir núpnum fyrir ofan tún á Minna-Núpi; í austurenda hennar eru smágirðingar. 6. Dofrastaðir, gömul bæjarrúst, og tvær aðrar tóftir, og aflöng girðing norðaustanundir holtinu.* Sbr. Árb. 1898, fylgirit: myndablað xxi. Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 30.06.1938.

**Sandlækur.** *Goðalág, svo nefnd, forn tóft á Goðavelli, nyrst í túninu.* Sbr. Árb. 1884: 10. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09. 1927.

**Skaftholt.** *1. Garðlag fornt, sem liggur vestan frá Kálfá austur að Þjórsárholti, fyrir norðan Alviðru. 2. Akurgirðing fyrir vestan niðurtúnið, mjó og löng, og lítil tóft við enda hennar.* Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Skriðufell.** *Rústir fornar í Þjórsárdal, bæjanna Áslákstungu fremri, Áslákstungu innri, Karlsstaða, ennfremur í Fagraskógi og í Grjótárkróknum, sunnan í melöldu fyrir innan Seljamýri.* Sbr. Árb. 1884-1885: 47-48. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Steinsholt.** *Ófeigsstaðarúst, neðarlega í vesturtúni hjáleigunnar Bala.* Sbr. Árb. 1905: 31. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Þjórsárholt.** *Alviðra, gömul kotrúst í litlum hvammi norðvestanundir holtinu og garður um þveran hamarinn að framanverðu.* Sbr. Árb. 1905: 32. Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 30.06.1938.

**Ölmóðsey (í Þjórsá).** *Rúst í Ölmóðsey og girðingar um.* Sbr. Árb. 1905: 33. Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 30.06.1938.

## 8710 HRUNAMANNAHREPPUR

**Afréttarland.** *Rústir þriggja fornra eyðibýla: Þórarinsstaða, fyrir innan Stangará, sunnan við Harðavöll. Laugahvamma, spölkorn frá Hvítá, nokkru neðar en móts við Bláfell og Búðarárbakka á suðaustur-bakka Búðarár við veginn.* Sbr. Árb. 1896: 5-8; Árb. 1898, fylgirit: 56. Skjal undirritað af MÞ 20.06.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Hrepphólar.** *Laxahjalls-tóft forn uppi á Hjallaási.* Sbr. Árb. 1905: 34. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Hörgsholt.** *Forn bæjarrúst suðvestan í Árfelli ásamt fornlegum túngarðsspotta hjá. Á síðari tímum hefir hjer verið stekkur og stekkjar-tún um.* Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

## 8711 BISKUPSTUNGNAHREPPUR

**Afréttarland.** *Tjarnar-rústin, forn eyðibýlis-rúst á hólbala, austanmegin Tjarnár.* Sbr. Árb. 1898, fylgirit: 56. Skjal undirritað af MÞ 20.06.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Haukadalur.** *Steinker fornt við Marteinslaug, fyrir norðvestan túnið.* Sbr. Árb. 1894: 8-9. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Helludalur.** *1. Leifar þriggja fornra tófta, svonefndra Goðatófta, neðst í túninu.* Sbr. Árb. 1908: 34-37. *2. Garðlag fornt milli lækja tveggja fyrir ofan vestur-túnið. 3. Þingbúðatóftir margar, fornar, í Laugartorfu.* Sbr. Árb. 1894: 8; Árb. 1905: 50-51; Árb. 1908: 38. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Holtakot.** *Rústaleifar fornar þar sem enn heitir í Holtum.* Sbr. Árb. 1905: 49-50. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Skálholt.** I) *1. Þorláksbúð, forn tóft norðaustantil í kirkjugarðinum. 2. Staupasteinn, fyrir heiman traðirnar við vestur-bæinn, að norðvestanverðu.* Sbr. Árb. 1894: 4. *3. Þorláks-brunnur í djúpum tröðum suðvestur frá bænum í hallanum sunnanundir Kyndluhól.* Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927. II) *1. Skólavarðan. 2. Eystri og vestari traðir, þ.e. heimreiðirnar til staðarins aðrar en svokallaðar Biskupstraðir. 3. Kyndluhóll. 4. Þorlákssæti. 5. Leiði sveina Jóns Gerrekssonar á túnbletti þeim, er Íragerði heitir. 6. Garðlag gamalt syðst á túni, talið kunna að vera Jólavallargarður.* Skjal undirritað af KE 12.05.1954. Þinglýst 14.06.1954.

**Úthlíð.** *Hoftóft fyrir neðan túnið.* Sbr. Árb. 1894: 6. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Vatnsleysa.** *Fornleg girðing í túninu fyrir suðvestan bæjarhólinn, nefnd Munkagerði, og fornleg tóft í henni.* Sbr. Árb. 1905: 48. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

## 8712 LAUGARDALSHREPPUR

**Laugardalshólar.** *Bæjarrúst forn austur í túninu, önnur tóft lítil, fornleg, upp og austur frá henni, og fornt garðlag umhverfis, fyrir aftan hin og vestan.* Sbr. Árb. 1908: 39. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Laugarvatn.** *Heit laug, nefnd Vígðalaug, niðri við vatnið og stórir steinar hjá, nefndir Líkasteinar.* Skjal undirritað af ÞM 04.11.1969. Þinglýst 13.01.1970.

## 8713 GRÍMSNESHREPPUR

**Björk.** *Flóðveitugarðlag fornt á Farmýri hjá Blótbjörk.* Sbr. Árb. 1905: 41. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Kaldárhöfði.** *Rúst geymsluhúss Skálholtsmanna, við ferjustaðinn yfir Sogið.* Sbr. Árb. 1905: 48. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Kiðjaberg.** *Vörzlugarður forn, vestur frá Hestvatni.* Sbr. Árb. 1905: 42. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Klausturhólar.** *Leifar af fornri bæjartóft sunnan í Goðhól í túninu fyrir vestan bæinn, hoftóft svo nefndri uppi á hólnum og þrem garðlögum fornum, frá efri og neðri enda bæjartóftarinnar og milli þeirra að vestan.* Sbr. Árb. 1905: 39; Árb. 1908: 42; Árb. 1924: 58. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Kringla.** *Hringur, mikill og fornlegur norður í túninu.* Sbr. Árb. 1905: 40. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927 Þinglýst 07.09.1927.

**Neðra-Apavatn.** *Forn tóft nefnd "Vopnahús", austur á túnhala.* Sbr. Árb. 1905: 40. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Snæfoksstaðir.** *Gamall kirkjugarður með leiðum og kirkjutótt heim undir rústum bæjarins á Snæfoksstöðum.* Skjal undirritað af KE 11.11.1966. Þinglýst 17.11.1966.

## 8714 ÞINGVALLAHREPPUR

**Brúsastaðir.** *1. Leifar af svo nefndri hoftóft í túninu fyrir suðaustan bæinn. 2. Girðing forn með tóft í, vestan við bæinn.* Sbr. Árb. 1880: 21; Árb. 1895: 21. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Miðfell.** *Rústir Ródólfsstaða, uppi í hrauninu.* Sbr. Árb. 1905: 46-47. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Þingvellir.** *1. Þingbúðarústir allar og allar aðrar fornleifar og gömul mannvirki á hinum forna alþingisstað, beggja vegna Öxarár.* Sbr. Árb 1921-1922: 1-107. *2. Rústir allar þar sem verið hafa forðum býlin Grímsstaðir, Bárukot, Múlakot, Litla-Hrauntún, Ölkofrastaðir og enn eitt, norðvestanundir Hrafnabjörgum.* Sbr. Árb. 1880-1881: 22, 98. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927.

Þinglýst 07.09.1927.

## 8715 GRAFNINGSHREPPUR

**Krókur.** *Fornar rústir, er nefnast Grímkelstóftir, á sljettum völlum fyrir norðan og neðan túnið.* Sbr. Árb. 1899: 1-2. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Nesjar.** *Fornar rústir í vatnsbrekku á Setbergsbölum og í Kleifardal.* Sbr. Árb. 1899: 5. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Ölfusvatn.** *1. Girðing forn, er nefnist Grímkelsgerði og stór þúfa í því, nefnd leiði Grímkels.* Sbr. Árb. 1898: 2. *2. Jarðfastur grágrýtissteinn, með áletruninni VES+1736; hann er í túninu, suðaustan við gamla fjárhústóft, nær hulinn jarðvegi.* Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

## 8717 ÖLFUSHREPPUR

**Afréttarland.** *Gamla sæluhúsið, "Hellukofinn" svonefndi, er stendur við hinn varðaða veg vestantil við miðja heiði.[(Hellisheiði).] Einnig vörðurnar og vegurinn, troðin hestaslóð sem víða markar fyrir í hrauninu.* Skjal undirritað af ÞM 13.05.1971. Þinglýst 03.09.1971.[106]

**Arnarbæli.** *Forn og mikil tóft á Þingholti, sem er norður frá bænum.* Sbr. Árb. 1905: 36. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Breiðabólsstaður.** *Rústir Þorlákshafnarsels undir Votabergi á Hellisheiði.* Skjal undirritað af ÞM 20.01.1976. Þinglýst 16.06.1977.

**Hellir.** *1. Leifar eyðibýlisins Fjalls, sunnan undir suðausturhorni Ingólfsfjalls.* Sbr. Árb. 1897: 18-19. *2. Hellir fremst í túninu, skamt austur frá bænum, austan í grasivöxnum blágrýtishól.* Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

**Herdísarvík.** *Allar gamlar mannaminjar á jörðinni Herdísarvík, svo sem fiskigarðar, verbúðir, tættur af íveruhúsum, peningshúsum og öðrum útihúsum, þar á meðal seljarústir í Seljabót.* Skjal undirritað af ÞM 07.09.1976. Þinglýst 16.06.1977.

**Vogsósar.** *Gamlar húsarústir og aðrar fornleifar á eyðibýlunum Strönd og Vindási, með hjáleigum.* Sbr. Árb. 1903: 51. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.

---

[106] *"(Hellisheiði)" ekki þingl; bætt við síðar á eint. Þjms. af skjali. Sbr. ljósrit af eint. sýslum. og fasteignabók Árnessýslu.*

**Þorkelsgerði.** *Gamlar húsarústir og aðrar fornleifar á eyðibýlunum Eimu og Eimuhjáleigu*. Sbr. Árb. 1903: 51. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.